



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

9. júlí 2009
27. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

VESTFIRSKIR
VERKTAKAR

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lifandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar
www.kaffiedinborg.is



Ferðaðist hinum megin á hnettinum

– Ísfirðingurinn Anna María Guðmundsdóttir
fékk innsýn í líf íbúa hinum megin á hnettinum
er hún dvaldi í rúmlega hálfu ári í Ástralíu.
Anna María fer yfir ferðasöguna í opnuviðtali



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi

Markaðs- borðin svign- uðu undan vöruúrvalinu

Góð stemmning einkenndi Markaðsdaginn í Bolungarvík á laugardag. Var þar margt fyrir stafni fyrir unga sem aldna og svignuðu markaðsborðin undan vöruúrvali. Furðuverur og landsfrægir tónlistarmenn léku við hvern sinn fingur á deginum en meðal þeirra sem komu fram voru drengirnir í landsfrægu hljómsveitinni Á móti sól. Félög nutu góðs af deginum og seldu varning til styrktar félagstarfsins, en þar á meðal voru KFÍ og kvenfélagið í Bolungarvík.

Glæsileg fornþýðing setti svip sinn á daginn, en sýningin er orðin fastur liður á deginum og fjölgar bilunum á hverju ári. Sigurbjörg Hallgrímsdóttir sá um skipulagningu dagsins ásamt bróður sínum Ingólfi Ívari Hallgrímssyni og segir hún allt hafa farið vel fram þó að nokkrir dropar hafi fallið úr himni er liða tók á daginn. – *birgir@bb.is*



Á móti sól spilaði fyrir Markaðsdagsgesti.



Eftir langan vetur hefur sumarið loksins látið sjá sig en veðrið lék við Ísfirðinga og nærsveitunga um helgina. Í Tunguskógi fór hitinn upp í 20 gráður á sunnudag og tóku nokkrir skógargestir upp á því að kæla sig í Tunguá. Eins og sjá má á myndunum kunnur þeir vel að meta sumarblíðuna og leiddist þeim ekki hressandi buslið í Tunguá.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Augnlæknir á Ísafirði

Þóra Gunnarsdóttir augnlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 14. júlí til 24. júlí.

Tímapantanir eru í síma 450 4500 á milli kl. 08:00-16:00 alla virka daga.

Ísland er algjört núll út í heimi!

Ísfirski verktakafyrirtækið KNH ehf., sem sér um smíði brúarinnar yfir Mjóafjörð í Ísa-fjarðardjúpi, þarf að fá sérfræðing frá Bretlandi ásamt tækjabúnaði til að spenna brúnna áður en hún verður steypt. Breska fyrirtækið neitar að stunda viðskipti við Íslendinga nema gegn staðgreiðslu og til þessa hafa þeir ekki tekið gilda kvittun fyrir fyrirframgreiðslunni frá íslenskum banka. Því er alls óvíst að brúin verði opnuð fyrir umferð um verslunar-

mannahelgina eins og áætlanir hafa staðið til. Áætlað er að starfsmaðurinn verði á landinu í tvo daga en tækjabúnaðurinn í fjórar vikur. Sævar Óli Hjörvarsson, framkvæmdastjóri KNH ehf., segir sitt fyrirtæki vera búið að borga fyrir þjónustuna, en ekkert hafi heyrst frá fyrirtækinu og því ekki vitað hvenær von er á starfsmanninum og búnaðinum.

„Það tekur fimm til sjö daga fyrir peninga að berast á leiðar- enda í gegnum bankakerfið eins og það er í dag. En við fáum ekki

einu sinni svör frá fyrirtækinu fyrr en það er búið að telja peningana,“ segir Sævar Óli. Þegar stangirnar í brúnna, sem nú þarf að strekkja, voru keyptar af breska fyrirtækinu á síðasta ári, voru þær sendar til landsins áður en þær voru greiddar. Nú er KNH ehf., stillt upp við vegg af breska fyrirtækinu, að sögn Sævars Óla. „Það er ekkert traust á Íslendingum í dag. Ísland er bara algjört núll út í heimi,“ segir hann. – *birgir@bb.is*

Fjölmenni á Dýrafjarðardögum

Víkingahátíðin Dýrafjarðadagar heppnaðist vel er hún var haldin í áttunda sinn um helgina. Aðsóknin var vonum framar og var uppselt í grillveisluna sem fór fram á Víkingasvæðinu á Þingeyrarodda á laugardag. Erna Höskuldsdóttir segir marga hafa lagt leið sína á hátíðina og hafi um 700-800 manns verið á víkingasvæðinu er best lét á laugardag. Hátíðin einkenndist af tónlist, leiklist, listsýningu og skemmtilegum menningarviðburðum ásamt íþróttaviðburðum.

Hljómsveitin Byggð og Feðga-bandið kom veislugestum í gott skap með spili og söng í grill-

veislunni. Perlurnar sýndu kántrí-takta á víkingasvæðinu. Vestfjarðavíkingurinn var krýndur á víkingasvæðinu og loks léku Ingó og Veðurguðirnir fyrir dansi í Félagsheimilinu á Þingeyri.

Frá árinu 2002 hafa Dýrfirðingar blásið til þriggja daga hátíðar hvert sumar með því að bjóða uppá fjölbreytta afþreyingu. Dýrafjarðardagar sem voru endurvaktir fyrir sex árum eftir nokkurra ára hlé hafa rækilega komið sér á kortið og þá ekki síst hjá brottfluttum Dýrfirðingum sem jafnan sækja hátíðina. Fleiri myndir frá hátíðinni munu birtast í svipmyndum á bb.is innan tíðar.



Víkingar settu á svið bardaga gestum til gamans.



Fallegðar mæðgur í víkingaklæðum.

„Laxeldi ógna dýrmætum náttúruhagsmunum“

Landssamband veiðifélaga varar við stórfelldum áformum um sjókvíaelði á norskættuðum laxi í Dýrafirði. Á aðalfundi sambandsins á dögunum var gagnrýnd sú ákvörðun Skipulagsstofnunar að undanþiggja eldið umhverfismati þar sem um væri að ræða erlendan, innfluttan laxastofn. Landssamband veiðifélaga mun fylgjast vel með þessu máli og kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til ráðherra, verði orðið við beiðni um að umhverfismat fari ekki fram.

„Það hefur verið áhyggjuefni að íslenskir laxastofnar búa ekki lengur við þá mikilvægu landfræðilegu einangrun sem mótað hefur erfðir hans í gegn um aldirnar. Innflutningur á erfðafni erlendra laxa er ógnun við innlenda stofna. Allir samningar sem gerðir voru þegar innflutningurinn var leyfður, snemma á niunda áratugnum, hafa reynst haldlausir. Nú er það staðreynd að þessi lax hefur verið tekinn til eldis í kvíum við strendur landsins og það er líka staðreynd að hann

hefur sloppið úr kvíum og hrygnt í íslenskum ám. Í tvígang hafa stórtæk áform um sjókvíaelði runnið út í sandinn og mikið fé tapast á ævintýrinu. Nú síðast gerðist slíkt í Mjóafirði og við Berufjörð“, segir í bókun aðalfundarins.

Í bókun fundar segir að fundargestir hefðu ætlað að sá dýri lærdómur sem af því var dreginn yrði víti til varnaðar og frekari tilraunir á sviði sjókvíaeldis á laxi væru úr sögunni. En svo virðist ekki vera. Þar segir jafn-

framt: „Við hljótum að velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé tímabært að endurskoða reglugerð um friðunarsvæði fyrir eldi frjórna laxa í sjó við strendur landsins, þannig að skylt verði að eldisfiskur verði af innlendum uppruna og eigi skyldleika við stofna þess landsvæðis þar sem eldið fer fram. Nú hefur gena-mengi laxa verið skráð í íslenskum ám og niðurstöður sýna skyldleika innan landshluta og landsvæða. Það er mikilvægt að rugla ekki þessu viðkvæma sam-

hengi sem náttúran hefur mótað um árþúsundir. Þarna á að taka ákvörðun um að láta náttúruna njóta vafans.

Saga laxeldisins í sjó gefur ekki tilefni til þess að ætla að það verði nokkurn tíma um atvinnuveg á Íslandi að ræða. Þessi ævintýri eru hættuleg. Þau ógna dýrmætum náttúruhagsmunum og einnig verðmætri sjálfbærri atvinnugrein sem felst í nýtingu laxveiðihlunninda í íslenskum ám.“

– thelma@bb.is



Mugison og Öundur Hafsteinn Pálsson eigandi Tanksins.

Vonandi erum við að hjálpa næsta Gunna Þórðar að þroskast

Hljóðverssmiðjur Kraums fóru fram í Tankinum á Flateyri fyrir skömmu. Hljómsveitirnar sem taka þátt í smiðjunum eru Bróðir Svartúlfs, Ljósvalki og The Vintage, sem skipuðu þrjú efstu sætin á Músiktilraunum 2009. Leiðbeinendur smiðjunnar eru Mugison, sem hefur viðtæka reynslu af vinnu í hljóðverum, Páll Ragnar Pálsson, sem er þekktur úr rokkinu sem gítarleikari Maus, er með BA í tónsmíði frá Listaháskóla Íslands og er að ljúka mastersnámi í vor frá Estonian Academy of Music, og Öundur Hafsteinn Pálsson, slagverksleikari, upptökumaður, tónlistarkennari á Ísafirði og Flateyri og frumkvöðull að koma hljóðverinu Tankinum á laggirnar á Flateyri.

Ekki var annað í stöðunni en að renna í Öundarfjörðinn og heyra í aðstandendum og þátttakendum hljóðsmiðjunnar. Þegar inn var komið í Tankinn var Mugison að predika yfir strákunum í hljómsveitinni Bróðir Svartúlfs. Mugison og Önni samþykktu góðfúslega að spjalla örstutt við blaðið en áður en haldið er út í spjallið fyrirskipar Mugison strákunum að verða búnir að semja nýtt lag áður en hann kem-

ur aftur. Örugglega ótrúlega spennandi og skemmtileg upplifun fyrir stráka sem eru nýbyrjaðir í tónlistarbransanum að semja eitt stykki lag áður en Mugison kemur aftur, en það er eitthvað sem tónlistarmenn þurfa að venjast, að semja undir smá pressu.

Þegar út er komið getur Mugison ekki skilið tónlistina við sig. Hann skartar litlum gítar sem hann leikur nokkra blússkala á, ef gítar á að kalla, því hann er örlítill. Inntir eftir hvað hafi orðið til þessarar hljóðverssmiðju í Tankinum segir Mugison þetta vera hugmynd sem hann kynnti fyrir Kraums-mönnum fyrir tveimur árum. „Þeir Kraums-menn, Eldar Ástþórsson og stjórnin, tóku þessa hugmynd og mótuðu hana frekar. Svo höfum við í samstarfi við Önnu náð að þróa hana út í það sem hún er í dag,“ segir Mugison.

Of seinir fyrir páskana

Upphaflega hugmyndin var að Hljóðverssmiðjan færi fram í Tankinum um síðustu páska en þeir voru of seinir með hugmyndina því hljóðverið var þá bókað. „Ef við höldum áfram þessu

verkefni gætum við tengt það *Aldrei fór ég suður* í framtíðinni. Sem yrði afar praktískt því þá gætum við líka látið þau spila á hátíðinni,“ segir Mugison og leikur bjagaðan blús á gítarinn.

Hjólið þarf ekki að uppgötvast tvísvar

Þeir segja hljóðverssmiðjur eiga sér fordæmi en ekki akkúrat í þessari mynd. Þær fyrirfinnast á svokölluðum masterclass-námskeiðum og í annarri mynd í tónlistarskólum. Mugison segir slíkar smiðjur afar hollar fyrir unga tónlistarmenn því þeir þurfi ekki alltaf að finna upp hjólið og geti verið sneggri að læra á alla hnúta tónlistarsviðsins.

„Ég man þegar ég og Önni vorum að byrja í bransanum. Þá gátum við eytt alveg endalausum tíma í tækniatriðin eða bara eytt tímanum í að vera feimnir. Þegar maður sér reyndari menn vinna, þá opnast alveg nýr heimur. Þegar ungar hljómsveitir eru búnar að vera í bílskúrnun og heyra voðalega takmarkað í sjálfum sér, þá er svo hollt að fara inn í stúdíó og heyra loksins alla tónlistina sem þeir eru að flytja,“ segir Mugison.

Peningar fara ekki í fólkið sem þarf þá mest

Mugison segir Eldar hafa komið að máli við sig einn daginn og beðið hann að rissa niður á blað nokkrar hugmyndir um hvað mætti styrkja fremur en annað úr tónlistarsjóði Kraums. Mugison hefur lengi fundist að megnið af peningunum sem verið er að setja í styrki fyrir tónlistarmenn fari í menn eins og sig sem eru komnir aðeins lengra.

„Þeir fara voðalega lítið í fólkið sem þarf þá mest, hljómsveitir sem eru að byrja. Undanfarin ár hefur verið mjög erfitt fyrir hljómsveitir að fá æfingahúsnæði. Í gamla daga var þetta svo hrikalega einfalt. Þá voru allir pabbar tilbúnir að opna bílskúrin og böndin máttu blasta músíkina eins hátt og þau vildu. En í dag er eins og fólk hafi aðeins stífnad og sum bönd eru í rosalegu basli með að finna sér aðstöðu til að æfa í. Það drepur náttúrulega niður stemninguna ef að leitað er að húsnæði í tvo mánuði og ekkert gerist,“ segir Mugison.

Önni segir þetta vera part af

tónlistinni sem sé lítið virkjuð. „Það er ekkert þælt í því að virkja þessi ungu bönd nema þau geri það sjálf.“

– En hvað vonist þið til að fá út úr þessari hljóðsmiðju?

Mugison: „Vonandi erum við að hjálpa næsta Gunna Þórðar að þroskast.“

Mugison og Önni – förðunarfræðingar

Hver hljómsveit fékk tvo daga í stúdíóinu og svo voru haldin námskeið fyrir öll böndin. Þar var velt fyrir sér hver sé drifkrafturinn á bak við tónlistina. Önni og Mugison segjast vera meira að sýna þeim leiðina í tónlistarsköpuninni fremur en að stýra þeim í henni.

„Eins og núna sagði ég þeim til dæmis að þeir yrðu að semja nýtt lag á meðan við erum í þessu viðtali. Fyrirmælin voru að trommuleikarinn átti að vera með „steady-beat“ og hinir áttu að detta ofan í það. Þegar allir voru komnir í taktinn áttu þeir um leið að búa til nýjan kafla. Hljómsveit er bara eins og andlit og svo störfum við bara líkt og förðunarfræðingar í kringum þær,“ segir Mugison að lokum.

Með rífandi holdris í Tanknum

Þegar haldið er inn í Tankinn á ný var hljómsveitin byrjuð að leika klassískan þriggja hljóma blúsgang. Það var eitt af því sem Mugison hafði sagt þeim að þeir mættu ekki gera á meðan hann var í burtu og voru þeir stöðvaðir um leið í blúsnum.

Vissu ekki hvað þeir væru að fara út í

Mugison skipar þeim að taka pásu til að ræða við blaðið og þeir hlýða kalli húsbóndans og koma sér fyrir í betri stofunni í Tankinum. Bróðir Svartúlfs er skipuð strákum frá Blönduósi og Skagaströnd á aldrinum 19-22 ára.

Helgi Sæmundur Guðmundsson leikur á hljómborð í sveitinni, Andri Þorleifsson á trommur, Sigfús Arnar Benediktsson leikur á bassa, Jón Atli Magnússon á gítar og Arnar Freyr Frostason syngur og rappar. Hljómsveitin leikur rokk/rapp tónlist og Helgi Sæmundur er fyrstur til að svara fyrir bandið hvernig tilfinning það sé að vera búnir að vinna Músiktilraunir og vera nú á Flat-eyri.

„Við áttuðum okkur ekkert fyrst á því hvað fælist í þessum verðlaunum, sem sagt að fara í

hljóðverssmíðju á Flateyri. Mér fannst svo óraunverulegt að við fengjum allan þennan stúdíótíma hérna.“

Draumur að vinna með þessum körlum

„Þegar við fengum skirteini í sigurlaun stóð hvergi að við ættum að fá tvo heila daga í stúdíóinu á Flateyri,“ segir Helgi. Þeir segjast varla hafa vitað hvað þeir væru að fara út í fyrr en þeir komu til Flateyrar og hittu fyrir Öнна og Mugison.

Stúdíóið fannst þeim vera töluvert stærra en þeir höfðu gert sér grein fyrir. Þeir segjast hafa hang-ið og spilað í stúdíóinu í tvo heila daga og það hafi verið sannkallaður draumur. Jón Atli gítar-leikari sagði það vera meira en draum að sínu mati að vinna með Mugison því hann fengi „rífandi holdris“ af tilhugsuninni einni saman að vinna með honum. „Maður róaðist síðan aðeins eftir að hafa unnið með honum í smátíma,“ segir Jón Atli.

Hræddir um að Mugison hlægi að sér

Þeir segjast hafa verið eilítið



Bróðir Svartúlfs.

kvíðnir að spila eitthvað með honum í fyrstu, en Arnar Freyr, söngvari og rappari, segir Mugison hafa verið furðu svalan yfir öllu því sem þeir gerðu.

„Við sátum t.d. í sófanum og vorum að grúva eitthvað. Ég byrjaði að rappa eitthvað ofan í það og hann sat bara og horfði á okkur og ég vissi ekki hvort hann myndi hrista hausinn eða hlæja að okkur. Ég var mikið stressaður þá, en hann virtist bara fíla þetta,“ segir Arnar Freyr.

Lúmsk pressa frá stjórnendum

Þeir sömdu nýtt lag í Tankinum sem fer á plötuna og var ætlunin að semja eitt lag í viðbót

á Flateyri sem taka á upp síðar. Aðspurðir hvort Önni og Mugison setji einhverja pressu á þá að gera einhverja öðruvísi tónlist en þeir flytja vanalega segja þeir þá vera voðalega passíva. „Þeir eru frekar „tjillaðir“ yfir þessu en maður er kannski að átta sig hægt og rólega á því að þeir eru frekar lúmskir í að segja okkur fyrir verkum. Þeir lauma inn einhverjum hugmyndum að okkur sem við tökum upp og allt í einu er lagið orðið allt öðruvísi en við ætluðum okkur,“ segir Helgi Sæmundur.

Þeir bera Öнна góða sögu. Segja hann vera einn þann mesta snilling sem þeir hafi kynnst í gegnum ævina og Önni hafi að geyma einn þann skemmtilegasta

og besta mann sem þeir hafa rekist á gegnum tíðina. „Hann er mjög fagmannlegur í öllu sem hann gerir og veit sínu viti þegar kemur að hljóðversvinnu. Við erum mjög heppnir að fá að starfa með þessum tveimur snillingum,“ segir Andri Þorleifsson trommari.

Þegar spjallinu lauk ruku drengirnir aftur upp í upptöku-salinn í samspil. Þar biðu Önni og Mugison vígreifir og með fyrirskipanirnar á hreinu. Núna átti að gera grunninn að laginu sem átti að sigr heiminn. Hver veit nema við heyrum það óma á vinsældalista Rásar 2 á næstu miss-erum.

– birgir@bb.is

„Sjálfbærar fiskveiðar eru sameiginlegt hagsmunamál allra Norðurlandanna“

Ísland hefur stuðning Norðurlandanna ef reynt verður að semja um sjálfbært fiskveiðistjórnunarkerfi í aðildarviðræðum í Evrópusambandið. Þetta kom fram á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Norðurlanda sem haldinn var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í síðustu viku. Réttur aðildarþjóða ESB til að veiða við Íslandsmið ef farið verður í aðildarviðræður hefur mikið verið í umræðunni á Íslandi, en ofveiði er gríðarlegt vandamál í lögsögu sambandsins. Ísland getur nýtt sér reynslu Noregs í þessum málum en Noregur fór í gegnum aðildarviðræður ESB árið 1994 þar sem sjávarútvegsmál voru mikið rædd að sögn Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs.

„Ef Ísland fer í aðildarviðræður þá styðjum við auðvitað vilja Íslands til að semja um kerfi sem styður sjálfbærar fiskveiðar, en

ég trúi því að það er sameiginlegt hagsmunamál allra Norðurlandanna.“ Eskil Erlandsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Svíþjóðar, sagði að ofveiði færi fram á um 80% hafsvæða í lögsögu Evrópusambandsins. „Það er þess vegna sem að eitt að aðal baráttumálum Svíþjóðar, sem fer nú með forsæti í Evrópusambandinu, er að hrinda af stað endurbótum á fiskveiðistjórnunarkerfinu, sérstaklega með tilliti til sjálfbærra fiskveiða“, sagði Eskil. Hann sagði að nauðsynlegt væri að minnka fiskveiðar á þeim svæðum sem að eru ofveidd ásamt því að þróa fiskveiðar sem atvinnugrein.

Heimsókn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Norðurlandanna til Ísafjarðar stóð í þrjá daga en alls komu um 100 manns til Ísafjarðar vegna fundarins. Fundurinn er liður í samstarfi Norðurlandaráðs í hinum ýmsu



Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ásamt ráðherrum Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs.

málaflokkum en Ísland gegnir nú formennsku í ráðinu.

Að loknum fundinum héldu fundargestir til eyjunnar Vigur í

Ísafjarðardjúpi þar sem snæddur var kvöldverður. – nonni@bb.is

Spurningin

Á íslenska þjóðin að greiða atkvæði um Icesave-samningana?

Alls svöruðu 500.
Já sögðu 327 eða 65%
Nei sögðu 147 eða 29%
Alveg sama sögðu 26 eða 6%

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg breytileg átt eða hafgola, þurrt að mestu og víða bjart veður. Hiti 12-20 stig, hlýjast í innsveitum.

Horfur á laugardag og sunnudag: Útlit fyrir svipað veður áfram.

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Það er mun ódýrara!
Síminn er 456 4560

bb.is

Fjolsóttasti
vefur
Vestfjarða

Útgefandi:

H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:

Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:

Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X



Elfar Logi Hannesson leikhússtjóri og leikari Kómedíuleikhússins var í hlutverki Gísla Súrssonar á opnun sýningarinnar.

„Einstök sýning“ í Haukadal

„Einstök sýning“ var formlega opnuð á Gíslastöðum í Haukadal um helgina. Þar er á ferð sýning Kómedíuleikhússins og Leikminjasafns Íslands þar sem sögu einleikjalistarinnar á Íslandi er

gerð skil með sérstökum sögu-
spjöldum og ýmsum munum sem
tengjast einleikjum svo sem leik-
myndir, leikskrár, kynningarefni
og handrit. Sýningargestum gefst
einnig kostur á að hlusta á þrjá

einleiki frá Útvarpsleikhúsinu. Í
myndlistinni er boðið upp á sýn-
ingu á verkum vestfirsku lista-
hjönnanna Guðmundu Jónu Jóns-
dóttur og Gunnars Guðmunds-
sonar frá Hofi Dýrafirði. Bæði

föru sínar eigin leiðir og eru í
hópi hinna svonefndu einfara í
íslenskri myndlist. Sýningin
stendur til 18. júlí og verður opin
alla dagana frá kl. 14.-16. Að-
gangur er ókeypis.

Ritstjórnargrein

Hollt er heima hvat

Þegar þar var komið sögu við breytingar á gamla sjúkrahúsinu til að gegna hlutverki safnahúss að ákveða þurfti með innréttingar mun hafa komið til álita að leita út fyrir landsteinana. BB telur sig hafa fyrir því heimild að þá hafi einhver þybbast við. Lyktir málsins urðu að innréttingarnar voru smíðaðar í Trésmiðjunni í Hnífsdal. Lengra þurfti ekki að leita. Fullryrða má að svo vel tókst til að vart hefði getað betur verið að verki staðið.

„Við gátum ekki hugsað okkur að flytja í burtu,“ segir Önfirðingurinn Steinþór Bjarni Kristjánsson, sem nú ræður ríkjum í Trésmiðjunni TH ehf., á Ísafirði, í viðtali við Mbl. um helgina, en hann hefur nú ásamt konu sinni Mörthu S. Örnólfsdóttur opnað barnafatabúð á Ísafirði, sem skartar TH-innréttingum, sem vakið hafa ómælda athygli.

„Hér hefur verið stöðugt ástand með fækkandi fólki í áratugi. Þú verður að treysta á sjálfan þig og það er miklu betra að gera hér en í 101 Reykjavík,“ segir Steinþór sem nú hefur færst aukið í fang með yfirtöku á trésmiðju á Akranesi til að tryggja reksturinn á hörðum leikvelli samkeppninnar.

Það þarf áreði til slíkra ákvarðana í ríkjandi ástandi í þjóðfélaginu. Um leið og BB fagnar framtaki þeirra hjóna og árnar þeim og starfsfólki þeirra allra heilla sér blaðið sérstaka ástæða til að vekja athygli á viðhorfinu sem felst í þeim orðum Steinþórs að hér verði menn „að treysta á sjálfan sig.“ Í þeim felst líka áskorun um gagnkvæmt traust,

að styðja við bakið hvert á öðru í allri viðleitni til eflingar byggðarlaginu; leita ekki alltaf langt yfir skammt. Innréttingarnar í Safnahúsinu bera þess vitni þess að grasið er ekki alltaf grænna hinu megin garðsins.

Dapurlegur málflutningur

Það verður að segjast eins og er að dapurlegt er til þess að vita að varla fyrirfinnst sá talsmaður úrbóta í samgöngum milli höfuðborgarinnar og nágrannasveitarfélaga, sem eru við það að verða úthverfi borgríkisins, sem ekki sér ofsjónum yfir hverri bragarbót sem sem framkvæmd er á vegakerfinu milli byggðarlaga utan nefnds svæðis; byggðarlaga sem mörg hver hafa setið áratugum saman í sama rassfarinu hvað þetta varðar.

Reiknínústir um bílafjölda á tilteknum vegaspottum, hvað vegurinn er miklu dýrari undir hvern bíl í fámenninu (að ekki sé minnst á öll súluritin yfir dapurlegustu hliðar umferðarinnar) eru uppistaðan í þessum skrifum; sem af mætti draga þá ályktun að þessar fáu hræður úti á landi geti vel sætt sig við að búa áfram við kerruvegi fyrstu áratuga síðustu aldar!

Ágætu skrifinnar! Landsbyggðafólk öfundast ekkert út í samgöngubætur á flatneskjunni fyrir sunnan. Ónot og önnuglyndi út af litlum og siðbúnum vegaframkvæmdum öðrum landsmönnum til handa leysir hins vegar í engu ykkar vanda.

s.h.



Hópurinn átti saman góða stund í Arnardal.

Fögnuðu fimmtán ára gagnfræðaprófsafmæli

Árgangur 1978 úr Grunnskólanum á Ísafirði kom saman um helgina í tilefni þess að fimmtán ár eru liðin frá námslokum hans við skólann. Hópurinn hittist á

laugardag í skólanum og settist við skólabekk að nýju á meðan Þóra Karlsdóttir, fyrrum umsjónarkennari hjá árganginum, las upp nöfn bekkjarfélaganna og merkti

við í kladdann. Að því loknu var hópnum skipt upp í lið og keppt í ýmsum þrautum. Til að mynda var farið í boðhlaup á Eyrartúni og dorgað á höfninni. Um

kvöldið var síðan haldið í Arnardal þar sem leynigestur beið þeirra. Þar var á ferð rokkstjarnan Magni Guðmundsson og félagar hans úr Á móti sól en þeir tóku nokk-

ur lög við góðar undirtektir. Að því loknu var snæddur dýrindismatur og rifjuð upp gömul kynni við gullfallett sólarlagið í Arnardal. – thelma@bb.is

Fleiri kennarar með réttindi

Búið er að manna allar kennarastöður í grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Leiðbeinendum fækkar milli ára og eru því fleiri kennarar með réttindi. „Samt sem áður býr mikil þekking í þeim leiðbeinendum sem við höfum. Þeir eru flestir langt komnir með kennaranám eða hafa háskóla-

gráðu á öðru sviði. Starfsmannamál eru því í góðum farvegi“, segir Kristín Ósk Jónasdóttir, grunnskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar. Lítið er um breytingar á starfsmannahaldi milli ára. „Það er mjög góður kjarni í skólunum sem helst sá sami ár frá ári, það eru alltaf einhverjar breytingar

og örfáir fara út og aðrir koma í staðinn“, segir Kristín.

Um 620 nemendur voru skráðir til náms í grunnskólum Ísafjarðarbæjar síðasta vetur. Grunnskólinn á Ísafirði var fjölmennastur með 505 nemendur, þá kemur Grunnskólinn á Þingeyri með 47 nemendur. 40 nemendur

voru við Grunnskólann á Suðureyri og 28 við Grunnskóla Önundarfjarðar. Nemendum fækkar við Grunnskólann á Þingeyri sem nemur 15 nemendum. Þá fjölga nemendum um 20 í Grunnskólann á Ísafirði og um þrjá bæði á Suðureyri og í Önundarfirði.

– thelma@bb.is

Siglir um á 81 árs gömlum bát

Vestfirðingurinn og fyrrum alþingismaðurinn, ráðherrann og bankastjórinn, Sverrir Hermannsson frá Ögurvík í Ísafjarðardjúpi, siglir þessa dagana um Ísafjarðardjúp á 81 árs gömlum bát og veiðir sér í soðið. „Ég er bara með færeyska-rúllu í bátnum og reyni að fiska mér í soðið en við erum ekki neinni útgerð og ekki í strandveiðikerfinu“, segir Sverrir sem siglir bátnum til að halda honum við en hann var byggður árið 1928 en faðir Sverris, Hermann Hermannsson, keypti hann ásamt þremur öðrum mönnum sama ár. Óeining skapaðist um útgerðina svo Einar Guðfinnsson, útgerðarmaður í Bolungarvík, gekkst í því að ná bátnum fyrir Hermann árið 1930 og var hann gerður út frá Ögurvík í Ísafjarðardjúpi til 1945 og í ellefu ár frá Ísafirði í Skutulsfirði. Hermann seldi svo bátinn í Skotu-



Sverrir siglir Hermóði inn í Ísafjarðarhöfn.

fjörð í Ísafjarðardjúpi árið 1956 en Sverrir og bræður hans keyptu bátinn aftur er hann hafði verið settur í land og létu Gunnar Sigurðsson frá Bæjum gera hann upp inn í bílskúr hjá sér á Vatnsleysuströnd.

„Síðan hefur bátnum verið

haldið við og ég lét sauma hann allan upp í fyrra þannig að hann er alveg eins og nýr. Hann er byggður af Fali Jakobssyni bátasmið í Bolungarvík og er þetta hið fræga „Fals-lag“ á honum. Þeir unnu við bátinn bræðurnir Jakob og Sigurður, synir Fals,“

segir Sverrir. Sverrir segist hafa orðið vel var við fisk á fristunda-veiðum sínum og hefur fengið nokkra væna þorska og ufsa. Meðfylgjandi mynd var tekin þegar Sverrir sigldi inn Sundahöfnina á Ísafirði á sunnudag ásamt dóttur sinni og tengdasynti.



Sjö vilja stöðu forstöðumanns

Sjö einstaklingar sóttu um starf forstöðumanns Hlífar/Tjarnar,-þjónustuiðbúða aldraðra í Ísafjarðarbæ. Þeir eru Bergvin Eyþórsson, Gunnar Albert Arnórsson, Hafsteinn Sverrisson, Jón Bjarni Jónsson, Maron Pétursson, Stefán Dan Óskarsson og Torfi Jóhannsson. Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar tilnefnir Hrefnu R. Magnúsdóttur, sem fulltrúa sinn í viðtöl við umsækjendur.

Við nýja starfið verður bætt við forstöðu þjónustuiðbúða aldraðra á Tjörn á Þingeyri. Ísafjarðarbær, sem rekur Tjörn, auglýsti stöðuna í síðasta tölublaðið Bæjarins besta. Í auglýsingunni er þess óskað að viðkomandi hafi starfsreynslu og þekkingu á sviðinu, hafi framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, búi yfir frumkvæði, góðri yfirsýn, vandvirkni og skipulögðum vinnubrögðum.

Lirfa herjar á gróður

Lirfan sem gerði vart við sig í blómagarðinum á Austurvelli á Ísafirði hefur tekið sér bólfestu í fleiri görðum á Ísafirði. Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar, segir fólk þurfa að úða gróðurinn með permaseth sem fæst í apótekinu.

„Svo þarf fólk að vera duglegt að vökva gróðurinn og gefa honum áburð. Það eyðir ekki lirfunni en minnkar pláguna. Fólk getur líka notað grænsápu ef það vill ekki eitra garðinn. En frumskilyrði er að vökva vel og gefa áburð, þá er plantan betur í stakk búinn við að takast á við pláguna,“ segir Ásthildur Cesil.

Hljóðnuðu snögglega

Ísafjarðarbær á stofnfé í Sparisjóði Bolungarvíkur og Sparisjóðnum í Keflavík upp á 20,7 milljónir króna að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Í Sparisjóði Bolungarvíkur á sveitarfélagið stofnfé upp á 18.486.703 krónur en það er tilkomið vegna þess að Suðureyrarhreppur hafði keypt stofnfé fyrir sameiningu. Í Sparisjóðnum í Kefla-vík á Ísafjarðarbær 2.264. 446 krónur.

Halldór segist alla tíð hafa verið tregur til kaupa á stofnfé og slíku af hálfu sveitarfélagsins og hefur uppskorið mikla gagnrýni fyrir það á bæjarstjórnarfundum. „Allt í einu hafa þær gagnrýnisráddir hljóðnað og það mjög snögglega,“ segir Halldór.

Bláfáninn endurnýjaður

Bláfáninn var dreginn að húni við Suðureyrarhöfn á föstudag. Bláfáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir góða umhverfisstjórnun og fræðslu um náttúruna.

Fáninn vottar að umhverfi svæðisins sé snyrtilegt, að góð aðstaða sé fyrir hendi til að flokka úrgang, að lögð sé áhersla á öryggismál og að upplýsingar séu aðgengilegar um náttúru svæðisins. Fáninn var dreginn að húni á Suðureyrarhöfn í fyrsta sinn á sama tíma í fyrra, en sækja þarf um endurnýjun árlega.



Inn að beíni

Harpa Oddbjörnsdóttir, starfskona Sólstafa Vestfjarða

Harpa Oddbjörnsdóttir er ein þeirra sem stóðu að stofnun Sólstafa, systursamtaka Stígamóta á Vestfjörðum. Ásamt öðrum Sólstafakonum hefur hún unnið að öfluglu forvarnarskapi en fyrir tilstuðlan Sólstafa urðu sveitarfélög á Vestfjörðum fyrst á landinu til að ná þeim áfanga að fræða 5% allra þeirra sem starfa með börnum og unglingum í byggðarlaginu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Hingað til er það sú að halda ekki áfram að læra eftir grunnskóla, er að vinna það MJÖG HÆGT og rólega upp núna...

Hvar langar þig helst að búa?

Hér fyrir vestan, vantar samt folkið mitt að sunnan til að það verði fullkomið.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar ég var viðstödd fæðingu Írisar Júlíu systurdóttur minnar.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Að vera ekki búin að læra meira.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Alltaf að uppgötva eitthvað mikilvægt, t.d. að ég ber ekki ábyrgð á hegðun annarra.

Uppáhaldslagið?

At Last með Ettu James.

Uppáhaldskvikmyndin?

Varð fyrir mestum áhrifum af „Amélie“

Uppáhaldsbókin?

Allt of margar til að velja úr!

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Á eftir að fara í það.

Uppáhaldsborgin?

Hef nú bara komið til þriggja borga (fyrir utan Reykjavík) og af þeim er Kaupmannahöfn í uppáhaldi.

Besta gjöfin?

Að fá að upplifa fæðingu Írisar Júlíu, systurdóttur minnar.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Ójá.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Klósettpappírs.....

Fyrsta starfið?

Barnapía og blaðburðastelpa

Draumastarfið?

Ekki ákvarðað enn.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Uuuuhhh...ekki neina!

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ingjaldssandurinn og Önundarfjörðurinn!

Skondnasta upplifun þín?

Nú fara frænkur mínar og systur að flissa því ég get ómögulega valið úr þeim upplifunum...er iðulega aðalhlátursefnið í frænkuboðum þegar verið er að rifja upp sögur af mér. Sem dæmi má nefna: þegar ég settist á kassa af litlum kaktusum, þegar ég festi pilsíð mitt í rúllustiganum á lestarstöð í Köben og 5 karlmenn og hníf þurfti til að losa mig á meðan Árelía systir var gagnslaus af hlátri, þegar ég setti koddna í þurrkarann hjá Árelíu og í kjölfarið þurfti að henda þurrkaranum, koddanum, mála geymsluna og þvottahúsið...

Aðaláhugamálið?

Vinna að forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi.

Besta vefsíðan að þínu mati?

hyperlink www.solstafir.is www.solstafir.is

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Búðakona

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Samhyggð.

En helsti löstur?

Frestunarárátta.

Besta farartækið?

Tveir jafnfljótir þó ég sé nú agalega löt að nýta þá...

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Aðfangadagur.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Pabba míns.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Árelía

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Kvöldin.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Krabbanum.

Lífsmottóið þitt?

Þetta verður allt í lagi!

Framkvæmdir við stækkun Mjólk- árvirkjunar hefjast á næsta ári

Orkubú Vestfjarða mun strax á næsta ári ráðast í virkjanaframkvæmdir við Mjólká fyrir ríflega 300 milljónir króna. Þetta var samþykkt á stjórnarfundum Orkubúsins fyrir skömmu. Um er ræða nýja virkjun sem verður 1,1 megavatt. Kristján Haraldsson orkubússtjóri sagði í samtali við Svæðisútvarpið, þessa ákvörðun hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Í lok síðasta árs hafi verið uppi hugmyndir um að stækka Mjólkárviðvirkjun úr 8 megavöttum í 14 og endurnýja auk þess allan tækjakost. Þar var gert ráð fyrir að Landsnet, legði verkefninu til 200 milljónir en slík stækkun myndi bæta afhendingaröryggi á Vestfjörðum til muna. Þessu hafnaði Landsnet og segir Kristján það hafa verið mikil vonbrigði. Stjórn Orkubúsins ákvað því að ráðast í að byggja litla virkjun upp á eigin spýtur. Framkvæmdir hefjast



Mjólkárviðvirkjun í Arnarfirði. Ljósni: © Mats Wibe Lund.

strax á næsta ári og segir Kristján ekki nauðsynlegt að slá lán fyrir framkvæmdinni. Staða Orkubús Vestfjarða sé

sterk. Afkoma Orkubús Vestfjarða varð heldur betri á árinu 2008 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun

ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 28 milljónir króna en samkvæmt rekstrarreikningi

varð hagnaður af venjundnum rekstri fyrir skatta sem nam 108,7 milljónum. – thelma@bb.is

Ný vefbúð á vinbudin.is



Vínbúðin hefur opnað nýja og notendavæna vefbúð á vinbudin.is. Í vefbúðinni geta viðskiptavinir skoðað úrvalið í rölegheitum og pantað vörur. Von okkar er sú að þessi þjónusta eigi eftir að koma viðskiptavinum að góðum notum og bjóðum við þá velkomna í vefbúð Vínbúðarinnar.



VÍNBUÐIN
vinbudin.is



Melbourne er minn annar heimabær

Ísfirðingurinn Anna María Guðmundsdóttir fékk innsýn í líf fólks hinum megin á hnettinum er hún dvaldi rúmlega hálf t.ár í Ástralíu. Margt dreif á daga hennar og til að mynda fór hún á formúlukeppni og varð þar vitni að árekstri beint fyrir framan nefið á henni. Hún upplifði líka samfélag í sárum í kjölfar mestu kjarteldis í þrjá áratugi sem urðu skammt frá heimili hennar í suðausturhluta Ástralíu í febrúar.

Anna María heimsótti einnig Nýja-Sjáland og Japan í nokkrar vikur. Hún heimsótti kvikmyndatökustaði fyrir kvikmyndaleikinn Hringadróttinssögu á Nýja-Sjálandi og uppfyllti drauminn að klæðast kimono og kaupa sverð í Japan.

„Ég fór út í ágúst í fyrra og bjó

hjá frænku minni, Guðrúnu Helgadóttur frá Hnífsdal, manni hennar Cliff og Kristjönu dóttur þeirra í Melbourne. Ég ákvað þegar ég var sjö ára að ég ætlaði út að heimsækja þau og nú var bara komið að því. Upphaflega áætluin var að ég skyldi vera úti í sex mánuði en ég vildi líka fara til Nýja-Sjálands og Japans. Ég ákvað því að vera í sex mánuði, fara til Nýja-Sjálands í þrjár vikur og fara síðan aftur til Ástralíu í mánuð og þaðan til Japans í fimm vikur. Reyndar langaði mig til að fara í skóla í Japan en þurfti að hverfa frá þeim áformum þar sem kreppan skall á og ég hafði ekki efni á því.

Kreppan setti stórt strík í reikninginn og ég þurfti að hætta við mörg plön, t.d. ætlaði ég að ferð-

ast inn í miðju landsins en gat það ekki. Dollarinn var 62 krónur þegar ég kom til landsins en í október var hann kominn upp í 95 og hæst fór hann í 98. Peningarnir voru því fljótir að hverfa. Ég starfaði reyndar hluta tímans hjá garðyrkjufyrirtæki bróður Cliff's en það var einungis tvisvar í viku svo það hafði nú kannski ekki svo mikið að segja. Það var fínt á meðan það var en eftir áramót var farið að kreppa að líka í Ástralíu og lítið að gera hjá fyrirtækinu.

Í gegnum starfið kynntist ég jafnaldra mínum sem kynnti mig fyrir vinum sínum og tók mig með sér út á lífið. Ég kynntist líka vinkonum Kristjönu frænku minnar, sem er einu ári eldri en ég. Ég fékk því góða innsýn í

lífnaðarhætti jafnaldra minna í Ástralíu. Ég kynntist þó ekki bara jafnöldrum mínum heldur fólki á öllum aldri, þar sem ég fór að æfa japanska bardagaíþrótt á meðan ég var í Ástralíu. Ég var næstingst en þeir tveir sem stóðu mér næst í aldri voru tveimur árum eldri og held góðu sambandi við þá í dag. Mjög fínt er að geta haft samband við þá í gegnum Facebook.

Ég fór á vikunámskeið í Canberra, höfuðborg Ástralíu, sem endaði með landskeppni í íþróttinni sem ég mátti ekki taka þátt í, þannig að ég bauð mig fram í alþjóðakeppnina þar sem ég keppti fyrir hönd Íslands og stóð mig með þryði, að sögn kennara míns. Það var bara ég og ein önnur að keppa. Ég var mjög

stolt af frammistöðu minni og athyglinni sem Ísland fékk þessa vikuna. Öllum fannst stórmerkilegt að það væri Íslendingur að æfa þessa íþrótt í Ástralíu og allir voru að koma til mín að spyrja hvort ég væri þessi íslenska“, segir Anna María og hlær. „Mótið var mjög skemmtilegt og ég kynntist mörgu fólki. Ég væri sko alveg til í að fara út aftur og taka þátt í næsta móti sem er í janúar, ef ég gæti.


Ég æfði íþróttina alla sex mánuðina, allt snerist um hana enda var framför mín hröð og ég stóð mig svo vel að allir kennarar og eldri nemendur voru dolfallnir yfir því hve vel ég virtist ná þessu og var fljót að taka upp hlutina. Það er gaman að segja frá því að þegar það ég kennarann minn



Anna María við rásmark formúlunnar.



Sporvagnar fóru frítt um borgina fyrir túrista.



Anna María með kóalabirni í N-Queensland.

um meðmælabréf þegar ég þurfti leyfisbréf fyrir sverðinu mínu og hann sagði að ég hefði orðið ómetanlegur partur af klúbbn-um.“

Engar áhyggjur félagi

– Er mikill menningarmunur á Íslendingum og Áströlum?

„Ástralía er nú svo stór að bara við það að fara á milli Melbourne og Sydney, sem eru frekar nálægt hvor annarri miðað við margar stórborgir, sér maður mikinn mun. Í Melbourne var aðalmenn-ingin fólgin í því að fara út að borða. Maður fór ekki út með vinum sínum án þess að fara út að borða fyrst. Ég lærði því að borða alls konar framandi mat eins og t.d. grískan, víetnamskan, kóreskan og alls konar. En í Syd-ney er mikið um fólk sæki í sjó-inn, fari með ferjunum eða skelli sér á ströndina. Ég myndi nú samt segja að menningin sé ekki ólík því sem þekkist í Evrópu. Sérstaklega í Melbourne þar sem fyrirfinnst sambland af mörgum þjóðernum, borgin er byggð upp af Grikkjum, Ítölum og Bretum og svo koma Kínverjarnir reynd-ar sterkt inn líka. Hún er mjög blönduð borg og þar af leiðandi uppfull af menningu héðan og þaðan.

Það er samt áberandi hvað Ástralir eru mun afslappaðri en við Íslendingar. Uppáhaldsorð-takið var „Ekki hafa áhyggjur félagi“ eða „No worries mate“. Ég er einmitt farin að segja það mjög mikið og fólk segir að ég sé með svona Nágrannahreim þegar ég tala ensku. Enda bjó ég í Melbourne. Auðvitað er mikill dugnaður í Áströlum en fólk er ekki eins mikið að stressa sig á hlutnum. Sem dæmi, þá voru nágrannar okkur komnir á eftir-laun á sextugsaldri. Þau voru bara að hafa það notalegt, dútla sér í garðinum og fara í ferðalög. Ég held þau hafi verið í kringum 55 ára og bara farin að njóta lífsins. Ég hugsaði með mér að þetta myndi maður nú ekki sjá á Ís-landi. Ástralir eru mun meira „líbó“ þegar kemur að vinnu. Það þekkist varla að fólk sé að vinna í tveimur eða jafnvel þremur störfum eins og hér á Íslandi. Fólk tekur sér mikið frekar tíma til að slaka á og njóta lífsins.

Í Melbourne er mikið talað um

orkusparnað og brýnt fyrir fólki að slökkva á öllum tækjum og innstungum þegar þær eru ekki í notkun. Á innstungunum er takki sem hægt er að slökkva á þótt maður sé með tækin í sambandi. Það tók mig fyrstu vikurnar að venjast þessu. Þessu er maður ekki vanur á Íslandi. Þótt á mörg-um framlengingarsnúrum sé takki til að slökkva á þeim þá gleymi ég því oft. Ég held að pabbi sé ánægðastur með það varðandi þessa Ástralíudvöl mína að nú slekk ég á öllu eftir mig, en hann var alltaf að hamra á því að við myndum slökkva á raftækj-um þegar við færum að sofa. Og nú geri ég það.

Einnig er mikill vatnsskortur í Ástralíu, sérstaklega í Viktoríu þar sem Melbourne er. Maður mátti aðeins taka fimm mínútna sturtu til að sóa ekki vatni og þegar maður vaskaði upp þurfti maður að hálfyfylla vaskinn og notast við það vatn við allt upp-vaskið. Vatnið var skammtað og hver manneskja mátti nota 150 lítra af vatni á dag. Í sjónvarpinu voru reglulega auglýsingar þar sem fólk var minnt á þetta. Það var því lúxus að koma heim og geta farið í sturtu í 20 mínútur“, segir Anna María og hler.

„Ég kunni mjög vel við mig í Melbourne. Ég bjó nokkuð frá miðborginni og það tók mig 50 mínútna ferðalag að komast þangað frá heimili mínu með lest en 30 mínútur að keyra. Mér fannst mjög skemmtilegt að ferð-ast með lest og sömuleiðis í svona sporvögnum eins og þekkist í San Francisco. Ég væri alveg til í að búa í Melbourne í framtíðinni en þá nær miðborginni. Þeir eru með asískt hverfi að nafni Box Hill þar sem ég fékk mér bragð-góðar mánakökur. Svo er ítalskt hverfi niðri í borg sem fyllist af fólki og Ferrarifánum á tímum formúlunnar og síðan líka grískt hverfi sem er fullt af bragðgóðum mat og góðum skemmtistöðum. Melbourne er minn annar heima-bær.“

Óbærilegur hiti

„Ég flúði til Nýja-Sjálands akkúrat þegar hitinn í Astralíu var svo mikill. Einn daginn í janúar var 38 stiga hiti og mér fannst ég vera að stikna og hélt að það yrði nú ekki mikið heitara en það. En svo einn daginn í

febrúar varð 46 stiga hiti og ég hélt ég myndi ekki lifa það af. Við sátum bara inni og ef maður fór út úr húsi fannst manni að húðin á manni væri að brenna. Loftið var svo heitt að manni fannst eins og það væri ekkert súrefni. Einnig var mjög erfitt að sofa á nóttunni því þótt hitinn lækkaði þá fór hann ekki niður í nema um 25-28 stig þegar hann var sem mestur.

Húsin í Ástralíu eru þannig byggð að einfalt gler er í gluggum og þau eru ekki einangruð svo þótt dregið væri fyrir alla glugga leitaði hitinn inn. Þó að við værum með loftkælinguna á fullu var nánast ólíft inni. Loftkælingin hjá okkur bilaði einmitt í hita-bylgjunni og blés því bara heitu lofti á mann svo maður náði lítið að kæla sig. Þennan dag sem hitinn fór upp í 46 gráður förum við í bíó á heitasta tíma dagsins því það var eina leiðin til að kæla sig niður þar sem kvikmynda-húsin eru með öfluga loftkælingu alveg á fullu. Það var líka troðið í bíó á allar myndir þennan dag.

Það versta við hitann var að eldra fólk dó vegna hans og dýr sem skilin voru eftir heima. Hann hafði mjög slæmar afleiðingar og þær verstu voru skógareld-arnir.“

– Var óvenjulega heitt í Ástra-liu þetta sumar?

„Það var óvenjulegt að hitinn stæði yfir í svona langan tíma, en það er ekkert óvanalegt að hitinn fari yfir 40 gráður um há-sumar sem er í lok janúar og byrjun febrúar. En það var mjög óvenjulegt að fá svona marga heita daga í röð, það voru um 40 gráður í 3-4 vikur. Ég upplifði samt bara þrjá daga af því þar sem ég stakk af til Nýja-Sjálands út febrúar.

Það var frábært að koma til Nýja-Sjálands. Ég fór á slóðir Hringadróttinsmyndanna og hitti vinkonur mínar, Ásthildi Gísla-dóttur og Helgu Magnúsdóttur, sem voru einmitt þarna á ferða-lagi á sama tíma.

Ég fór á flakk um Suðureyjuna og gisti hjá frænda mínum, Rún-ari Hédínssyni úr Hnífsdal. Ég fékk lánaðan bíl hjá honum og ók þarna um á öfugum vegar-helmingi, sem var stórskrítin upplifun. Það er óskaplega fallett þarna. Queenstown var uppá-haldsstaður minn á Nýja-Sjálandi

þar sem hann var langfallegastur en það er einnig helsti adrenalín-staður landsins. Þar er boðið upp á teygjustökk, fallhlífastökk, flúðasiglingu og alls konar jaðar-íþróttir. Ég hafði þó ekki efni á að prófa neitt af þessu þar sem Lord of the Rings ferðirnar kost-uðu sitt. En ég þurfti að velja og hafna og hugsaði með mér að ég gæti hvenær sem er prófað jaðar-íþróttirnar og vildi því prófa eitt-hvað sem er einstakt fyrir Nýja-Sjáland. Ég er líka mjög mikill aðdáandi myndanna og fannst alveg ótrúlega gaman að fá að sjá þetta.

Mér leið líka mjög vel á Nýja-Sjálandi, ekki síst þar sem hita-stiginu svipar til Íslands, það var um 20 stiga hiti og maður fékk hreinna loft en maður átti að venjast í Ástralíu. Þetta var alveg einstök upplifun og ég mæli sterklega með því að fólk fari þangað.“

Mikil sorg í kjölfar skógarelda

Anna María var ekki stödd á Ástralíu þegar skógareldarnir geisuðu en hún varð vör við áhrif-in á Nýja-Sjálandi.

„Það var stöðug umfjöllun í fjölmiðlunum á Nýja-Sjálandi auk þess sem fréttir bárust að heiman og ég fékk staðfestingu að það væri í lagi með alla þar. Þegar mestu eldarnir voru varð himinninn á Nýja-Sjálandi rauð-appelsínugulur út af reykjar-mekki frá Ástralíu sem skyggði á sólina.

Ég bjó í hverfi sem nefnist Ringwood sem er mjög utarlega í Melbourne, það þarf ekki nema hálf tímaakstur til að komast út fyrir borgina og á það svæði þar sem skógareldarnir voru. Við vorum því mjög nálægt og eld-arnir stefndu um tíma á borgina en vindurinn snerist við og þá fóru þeir í hina áttina.

Það dóu um tvö hundruð manns og þetta var mjög sorglegt. Þegar ég kom heim frá Nýja-Sjálandi fann maður greinilega hvernig andrúmsloftið var allt annað en þegar ég fór. Samfélagið var í sárum. Mikil sorg og fólk var niðurbrotið út af þessu. Það var nánast eins og þögn væri yfir borginni. En mannlífið var aftur farið að verða samt við sig þegar ég var að fara í lok mars.

Ég heimsótti líka svæðið þar sem eldurinn varð rétt áður en ég fór frá Ástralíu, þar sem Gunna frænka og Cliff áttu landsvæði sem varð að hluta að bráð eldsins og við förum að skoða okkur þar um. Sums staðar var lyktin enn-þá, sex vikum eftir að eldurinn eyddi svæðinu. Það var frekar átakanlegt að sjá svæði og bæj-arhluta sem ég hafði séð nokkrum sinnum í bíltúrum með þeim og í vinnunni hjá bróður Cliff, sem á landsvæðið með honum, og núna voru heilu og hálfu húsin horfin og einn bær nánast brunninn til kaldra kola.“

Leið eins og stjörnu í Japan

Anna María heimsótti einnig Japan og upplifði margt skemmti-legt þar.


„Ég eyddi svo fimm vikum í Japan, sem áttu upphaflega að vera þrír mánuðir þar sem ég ætlaði í skóla að læra japönsku, en vegna kreppuvandræða heima varð ég að láta örfáar vikur nægja fyrir draumalandið. Ég gisti hjá japanskri fjölskyldu, eða reyndar bara japönsku pari, sem voru gistiforeldrar mínir, í þrjár vikur í Kyoto, elstu borg Japans, og naut þess í botn. Ég sökkti mér í gamla menningu, skoðaði ótelj-andi hof og musteri, sá einn stær-sta Búdda heims í Nara, næsta bæ við, og eyddi tveimur dögum í Osaka.

Aðaldraumurinn var þó að klæðast hefðbundnum japönsk-um kimono. Gistimamma fann því fyrir mig kimonoleigu og ég eyddi heilum degi að rölta um Kyotoborg í japönskum kimono, og þrátt fyrir að fá næga athygli fyrir að vera ljóshærð, hávaxin og sportlega vaxin stelpa, þá var þetta algjör „killer!“ Japönsku konurnar hrópuðu á eftir mér eða komu til mín og sögðu mér hvað ég væri falleg, kallarnir gláptu svoleiðis á eftir mér og fólk smellti myndum af mér í gríð og erg, hvort sem ég sá til eða ekki.

Hinn draumurinn sem rættist var að ég keypti mér sverð og æfði Iaido í Japan líka, enda er íþróttin mín þaðan komin. Smá vesen var að fá leyfi fyrir sverð-inu, en það kom rétt í tæka tíð, eða bara tveimur dögum áður en ég átti að mæta á Keflavíkur-



Anna María að leita að guli í Sovereign Hill.



Anna María við óperuhúsið í Sidney.



Í kimono í Japan.



Anna María í Edoras þar sem LOTR var tekin upp.

flugvöll með leyfisbréfið. Það kom þó heim heilu og höldnu og var ég líka ánægð að geta notað það í Japan, mitt fyrsta æfingasverð. Kennarinn minn í Ástralíu sagði mér að opna klúbb á Íslandi og fá fólk með mér í íþróttina, en við sjáum til með það um sinn.

Systir gistimömmu minnar var að kenna í barnaskóla þarna í Kyoto og bað mig um að koma að halda fyrirlestur fyrir krakka í 4-6. bekk, eða krakka á 10-12 ára aldri, sem og ég gerði ásamt því að hafa smá laidosýningu fyrir þau með nýja sverðinu mínu. Það var skondið að ganga inn í japanskan barnaskóla, krakkarnir ráku upp stór augu og ég kom á meðan þau voru í frímínútum og þegar gistifrænka mín opnaði hurðina og sýndi mér út, þá komu þau hlaupandi í hóp um að spjalla við mig þó að mörg þeirra hafi staðið í fjarlægð að glápa á mig. Þau hrópuðu öll til mín á ensku á göngunum og úti „hello!“, „how are you?“ og „kawaii!“ sem þýðir *sæt* á japönsku. Ég borðaði hádegismat með einum bekknum og þar var verið að koma við hárið á mér, klípa í mig, bera saman hæðina við mig og reynt að spjalla á ensku við mig og kenna mér japönsku. Mér

leið samt eins og stjörnu þegar ég þurfti að árita allt mögulegt hjá þeim, reglustikur, penna-veski, nafnspjöld, stílabækur og margt, margt fleira, enda var mér illt í hendinni eftir á.

Eitt merkilegt í Kyoto líka þegar ég var bara á vappi, helst í musterum og hofum, þá komu til mín ungir japanskir skólakrakkar, oftast á aldrinum 13-14 ára en einu sinni voru þau bara 10 ára, og báðu mig um að tala við sig á ensku, svara nokkrum spurningum og skrifa svo skilaboð til þeirra á ensku. Mér fannst alltaf jafngaman af því, sérstaklega þegar þau fengu að taka myndir með mér. Ein af stelpunum sem ég hitti í Arashiyama í Kyoto öskraði reyndar þegar ég sagðist vera frá Íslandi. Hún sagðist nefnilega elska Ísland og langaði svo að fara þangað einn daginn, enda greip hún í höndina á mér og var alveg yfir sig hrifin.

Ég skrapp til Tókýó og gisti í nokkra daga hjá japanskri vin konu minni sem ég hafði kynnst í Ástralíu. Við fórum hingað og þangað um Tókýó, ég fór með henni í skólann og við og vin konur hennar skruppum í karaoke eitt kvöldið, sem var hrein snilld, því Japanir hafa bókstaflega ÖLL

lög í heiminum. Ég naut mín líka í botn í nördahverfinu Akihabara í Tókýó. Þar voru allar japönsku teiknimyndirnar og myndasögurnar og öll flottu tækin og tólin sem Japanarnir hafa.

Eftir nokkra daga dvöl í Tókýó skrapp ég aftur til Kyoto með Shinkansenlestinni, þar sem eini tilgangurinn var að kaupa fleiri minjagripi og fara á sýningu í japönskum bardagaíþróttum, þar á meðal Jodo og Iaido sem ég æfði. Þar sá ég japönsku kennarana mína aftur sem kenndu mér í Canberra í Ástralíu og einnig japönsku kennarana sem ég kynntist í dvöl minni í Kyoto. Einn japanski kennarinn hrósaði mér stöðugt þar sem hann kenndi mér nýjan stíl og mér tókst svo vel að ná æfingunum að hann var ólmur í að fá mig aftur til Japan sem fyrst og á æfingar til hans. Þannig að ég veit að ég hef pottþetta staði til að iðka íþrótt mína í bæði Ástralíu og Japan, en ekki á Nýja-Sjálandi. Ég fékk líka í magann þegar ég fór frá Kyoto aftur með Shinkansenlestinni, ég var farin að líta á Kyoto sem minn þriðja heimabæ.

Síðustu dagana í Tókýó gisti ég hjá íslenskri konu, Ragnheiði Reynisdóttur, og japönskum manni

hennar, og eyddi mestum tímanum í að skoða það sem ég átti eftir að skoða og versla það sem ég átti eftir að versla. Held samt að um 40-50% af tímanum hafi ég eytt í Akihabara að kaupa mér japanskar teiknimyndasögur, tölvuorðabók (í fyllstu merkingu, þetta er lítil lófatölva sem er bara súper orðabók) og njóta hátíðarinnar sem var í gangi þarna síðustu dagana mína. Naut þess líka að versla í H&M í Harajuku, þar sem ég hafði ekki séð H&M í nokkur ár. Ástralía er ekki með sömu búðirnar og Evrópa en Japan er hins vegar með margar þeirra.

Ég fór líka út að borða með tveimur íslenskum strákum eitt kvöldið, á kínverskan stað svona til tilbreytingar, og svo út á hefðbundið Izakaya, þar þar sem margir eldri menn og vinnufélagar af báðum kynjum koma til að borða og drekka fram á kvöld.“

Fór heim reynslunni ríkari

„Á leiðinni út á völl í Tókýó gat ég ekki annað en hugsað hversu hratt þessir níu mánuðir hefðu liðið. Ég kom til Ástralíu tæpum níu mánuðum áður, ferðaðist þar um landið, upp og niður austur-

ströndina, fór á formúluna, veðreiðar þar sem ég vann 150 ástralska dollara með byrjendheppni, kynntist nýjum vinum, tók þátt í alþjóðakeppni í bardagaíþrótt sem var mesta áskorun mín til þessa fyrir framan hundrad manns og þaðan skrapp ég til Nýja-Sjálands og upplifði LotR-drauminn minn og naut náttúrunnar og sveitarinnar þar. Endaði svo í draumalandinu Japan, þar sem maturinn var ómetanlega góður, sagan spennandi, tungumálið skemmtilegt og þráin til að læra meira um land og þjóð var sterk. Og nú var ég að fara þaðan, heldur betur reynslunni ríkari (þó buddan væri fátækari) og vissi að ég ætti eftir að sakna þess sárt að vera á ferðalagi.

Það var gott að koma heim og sjá alla aftur, kyssa og knúsa fjölskyldu og vini. En um leið og ég byrjaði aftur í báðum störfunum sem ég var í áður en ég fór neita ég ekki að það var heldur skritið að vera komin í nákvæmlega sömu stöðu og þínu tómlegt að vita að maður væri ekkert að fara að sjá nýja staði og smakka spennandi og öðruvísi mat neitt á næstunni. Ég þarf að vinna og safna fyrir því fyrst“, segir Anna María.

– *thelma@bb.is*



Tillaga 1. Sólgrata, milli hringtorgs og Fjarðarstrætis: breidd 11m þar af 2 m miðeyja. Að öðru leyti er vegurinn 10m breiður en miðað við umferðarmagn eru 9m fyllilega ásættanlegir. Vegurinn er tekinn út fyrir byggðina frá Fjarðarstræti, húsagötu. Sólgrata er gerð að tvístefnu. Þrjú hús þurfa að víkja; Sólgrata 2, 4 og 8. Hægri beygja frá Sólgrötu inn á Hafnarstræti verður enn möguleg sem og akstur frá Fjarðarstræti inn á Sólgrötu. Þumlungsgötu verður lokað en vegamót við Túngötu opin. Núverandi vegur verður nýttur sem húsagata að Króki 2, 3 og 4 og Hnífsdalsvegi 1. Aðkoma að Fjarðarstræti 55-59 verður um Eyrargötu. Skutulsfjarðarbraut 10 mun víkja.

Tillögur að nýjum þjóðvegi

Hrannargata og Sólgrata á Ísafirði uppfylla ekki markmið Vegagerðarinnar um greiðar samgöngur og þjónustu. Umferðaröryggi er ekki á við það sem best gerist og skortir á góða sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa. Þetta kemur fram í bréfi Magnúsar V. Jóhannssonar, svæðisstjóra Norðvestur-svæðis Vegagerðarinnar, til Ísafjarðarbæjar. „Það er ljóst að ekki eru margir möguleikar fyrir hendi að tryggja til frambúðar góða og örugga þjóðleið þarna í gegnum bæinn. Vegagerðin telur einn besta kostinn að gera Sólgrötuna að tveggja akreina veg,“ segir í

bréfi Magnúsar. Til að svo geti orðið þarf að fjarlægja þrjú hús úr götunni að mati Magnúsar. Segir Magnús að komið hafi í ljós að bærinn hafi úthlutað byggingarleyfi fyrir nýju húsi á lóð nr. 6, en þar eru nú bílastæði. Af því tilefni vill Vegagerðin koma þessari athugasemd að og lætur fylgja með tvær tillögur að framtíðarlausnum. Á þessari stundu segir Magnús ljóst að ekki liggi fyrir hvenær hægt væri að fara í slíkar breytingar. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, ritar einnig bréf til bæjarráðs þar sem hann fer yfir athugasemdir Magnúsar.

Halldór segir jákvætt að fá þessar ábendingar frá Vegagerðinni áður en aðalskipulag Ísafjarðarbæjar verði staðfest af bæjarstjórn, en þær hafi ekki komið í tengslum við umsagnarfrest um drög að aðalskipulaginu. Halldór bendir á að galli tillagna Vegagerðarinnar er að gert er ráð fyrir að rífa fjögur eldri hús í bænum en þrátt fyrir það vera með umferð um þröngar íbúðargötur. „Rífa á skv. tillögunum þrjú hús úr Sólgrötu nr 2, 3 og 8 og svo húsið sem sagt er í tillögu 1 vera Skutulsfjarðarbraut nr 10 en í tillögu 2 vera Hnífsdalsvegur 10,“ segir Halldór en gerir ráð

fyrir því að um sama hús sé að ræða. Halldór vill leggja fram nýja tillögu sem stýðst að hluta til við tillögur Vegagerðarinnar en byggir á því að rífa ekkert hinna fjögurra eldri húsa og byggir á því að losna við umferð engu að síður um Sólgrötu og Hrannargötu. Tillagan er sú að Hnífsdalsvegur færist töluvert út í sjóinn þannig að Hnífsdalsvegur 10 lendi ofan vegar. Þá komi hinn nýi vegur „í land“ aftur á móti við Þumlungsgötu og haldi áfram Þumlungsgötu og meðfram kirkjugarði og tengist ofan bílastæðis við kirkju inn á Hafnarstræti og

þaðan við hringtorg. Til að gera þetta mögulegt segir Halldór að rífa verði leikskólan Eyrarskjól og nýr leikskóli byggður á öðrum stað. „Kosturinn við þessa tillögu er að fjögur eldri hús standa og umferð liggur ekki lengur um þröngar íbúðargötur. Vissulega fer umferðin framhjá tveimur fjölbýlishúsum en hún fer hvort eð er framhjá öðru þeirra nú þegar og færi í meiri fjarlægð frá hinu en þeim íbúðarhúsum sem eftir yrðu við Sólgrötu og Hrannargötu, yrði önnur hvor tillaga Vegagerðarinnar samþykkt,“ segir Halldór. – birgir@bb.is



Tillaga 2. Sólgrata, milli hringtorgs og tengingu við Fjarðarstræti verður tvístefna: breidd 11m þar af 2 m miðeyja. Að öðru leyti er vegurinn 10m breiður en miðað við umferðarmagn eru 9m fyllilega ásættanlegir. Vegurinn er tekinn út fyrir byggðina frá Fjarðarstræti, húsagötu. Sólgrata er gerð að tvístefnu. Þrjú hús þurfa að víkja; Sólgrata 2, 4 og 8. Hægri beygja frá Sólgrötu inn á Hafnarstræti verður enn möguleg sem og akstur frá Fjarðarstræti inn á Sólgrötu. Tenging Þumlungsgötu við þjóðveginn verður opin en vegamót við Túngötu lokað. Núverandi vegur verður nýttur sem húsagata að Króki 2, 3 og 4 og Hnífsdalsvegi 1. Aðkoma að Fjarðarstræti 55-59 verður um Túngötu. Hnífsdalsvegur 10 mun víkja.

Bloggið

Óvinsæl ríkisstjórn

Það vill enginn þurfa að borga fyrir það sem hann tók ekki ákvarðanir um sjálfur. Því miður erum við Íslendingar núna í þeirri stöðu. Ég hef ekki séð öll gögn vegna lcesave - málsins, og efast raunar um að þeir sem hæst hafa í þessu efni hafi gert það. Þó svo að ég hefði aðgang að gögnunum geri ég ekki ráð fyrir að mér myndi endast sumarfríið til að lesa þau og skilja til hlítar. Þess vegna verð ég núna að treysta öðrum til að meta stöðuna fyrir mig. Enginn kostur er góður segja þau Steingrímur og Jóhanna. Það er örugglega rétt hjá þeim. Fyrir kosningar var ekkert sem benti til þess að þessi tvö hefðu ekki fyrst og fremst hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi og ég hef ekki séð neitt í gjörðum þeirra sem bendir til þess að það hafi breyst. Þau hafa ekki skarað eld að eigin köku, sitja ekki á kafi í spillingunni, hafa ekki selt eða gefið eigur ríkisins til vina sinna eða vandamanna, ekki ráðið embættismenn á skjön við hæfismat eða deilt heimilisrekstri með aðila sem augljóslega er að svína á þjóðinni.

Jóna Benediktsdóttir – <http://jonaben.blog.is>



Niðurskurður hjá lögreglunni

Þessi frétt fær mig til að hugsa hvort ekki sé einmitt rétti tíminn núna til að taka til. Ríkislögreglustjóraembættið er hluti af þessu, og þar má klárlega skera fitulagið burt. Lögreglustjóraembættið á höfuðborgarsvæðinu getur tekið við hluta verkefnanna, eins og sérsveitinni og efnahagsbrota-deildinni, en það sem mest er um vert þá gefst núna kjörið tækifæri til að fækka silkihúfunum sem hefur fjölgað gríðarlega á kostnað almennra lögreglumanna. [...] Spörum umtalsverða fjármuni, fjölgum almennum lögreglumönnum og fækkum millistjórnendum. Ég veit vel að nú tryllast margir enda er aðferðin drastísk, en... þetta eru þannig tímar að við bara getum ekki verið með einhverja viðkvæmni. LHR sinnir frábæru starfi þó naumur sé fjárhagurinn. Ég treysti því embætti vel til að taka við þeim hlutverkum sem ómögulegt er að leggja niður, önnur má færa inn í ráðuneytið að nýju.

Helga Vala Helgadóttir – <http://eyjan.is/helgavala>

Kjör námsmanna

LÍN er orðið algjört grín nefnist athyglisverð grein eftir Dag-nýju Ósk Aradóttur laganema og fv formann Stúdentaráðs HÍ. Þar rekur hún fyrir lesendum kjör námsmanna sem þurfa að reiða sig á framfærslulán LÍN. Fram kemur að námslán einstaklings í eigin eða leiguhúsnæði eru 100.600 krónur á mánuði. Tekjuserðingin er síðan 10% þannig að námsmaður sem er með 800.000 krónur í tekjur á síðasta ári (t.d. 200.000 krónur á mánuði í heildartekjur fyrir fjögurra mánaða sum-arvinnu) fær 91.711 krónur á mánuði þá níu mánuði sem hann stundar námið hér heima. Þá á hann eftir að greiða húsaleigu - sem varla getur verið mikið minni en 40-50 þúsund á mánuði - sem þýðir að hann hefur kannski 10-12 þús krónur milli handa í viku hverri. Það er varla fyrir mat. [...]

Það er því ekki mjög freistandi fyrir ungt fólk að setjast á skóla-bekk um þessar mundir. Það krefst ódrepani áhuga, staðfestu og seiglu.

Ólína Þorvarðardóttir – <http://olinathorv.blog.is>



Æsir og galdratákn

Myndlistarkonurnar Laufey Eypórsdóttir og Marsibil Kristjánsdóttir hafa opnað sýningu á Kaffi Edinborg á Ísafirði. Þetta er fyrsta sam-sýning vinkvennanna en þar er til sýnis brennimyndir Marsibil sem unnar í vestfirskan rekavið í keltneskum-og víkingastíl og ullarmyndir Laufeyjar þar sem hún myndar handþæfð íslensk galdratákn úr íslenskri ull. Stöllurnar vissu ekki hvað hin væri að vinna fyrr en sýningin var sett saman og kom því skemmtilega á óvart hversu vel verkin passa saman. „Við erum greinilega líkari en við höldum“, segir Marsibil. Norræn goðafræði kemur mikið við sögu á sýningunni en þar er að finna myndir og stuttan fróðleik um helstu æsina í Ásgarði. Einnig er þar að finna fróðleik um galdratáknin og önnur verk. Vel var mætt á sýninguna en öllum að óvör-um kom hljómsveitin Árstíðir og trúbadorinn Svavar Knútur og tóku lagið fyrir sýningargesti og aðra kaffihúsagesti. Laufey hefur m.a. lært myndlist við Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur



Laufey Eypórsdóttir og Marsibil Kristjánsdóttir.

gert tilraunir með ýmis viðfangsefni og mismunandi efnisvið. Uppáhald hennar er jafnan olíumálning á striga ásamt pastelkrít og penna á pappír. Hún fæst einnig við graffikvinnu. Viðfangsefnin eiga sér oftast rætur í þjóð-trú, enda eru þjóðsögur og ævintýri nokkuð sem hefur alltaf heillað hana. Laufey hefur haldið allmargar sýningar á Ísafirði auk sýninga í Bolungarvík og Reykjavík.

Marsibil er að mestu sjálf-lærð í sinni list. Hún hefur lagt stund á myndlist árum saman og haldið fjöldamarg-ar sýningar. Hún hefur hann-að leikmyndir, brúður og leikmuni fyrir fjölda leiksýninga m.a. fyrir einleikinn Gísli Súrsson, Dimmalimm, Skrímsli og Jólaveinar Grýlusynir. Hún hefur einnig hannað og unnið ýmiskonar handverk á tré og gler s.s. jólasveina og galdrastafi.

Uppgröftur hafinn í Vatnsfirði

Fornleifauppgröftur er hafinn á ný í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp en síðastliðin fjögur sumur hefur Fornleifaskólinn verið starfræktur þar samhliða upp-grefti á svæðinu. Fjöldi fólks kemur að uppgreftirnum en núna starfa 22 einstaklingar við verk-efnið, þar ef ellefu nemendur. Fleiri munu bætast í hópinn þegar liður á sumarið, aðallega til að halda fyrirlestra og kenna, en 25 manns verða á svæðinu í tengslum við verkefnið þegar mest verður. „Við ætlum að halda áfram þar sem frá var horfið í fyrra“, segir Garðar Guðmundson, fornleifafræðingur. „Við erum að skoða tvö svæði. Við erum að vinna í víkingaöldarrústum auk þess sem þetta er þriðja árið

sem við erum að grafa í Bæjarhóla, við erum komin niður á 19. öld og eigum einhverja tvo metra eftir.“

Fornleifaskólinn er rekinn af Fornleifastofnun í samstarfi við The North Atlantic Biocultural Organization (NABO) og Senter for studier i vikingtid og nordiske middelalder í Háskólanum í Osló. Auk þess er skólinn í samstarfi við Háskóla Íslands auk háskóla í New York, Quebec og Aberdeen. Hlutverk skólans er að auka þekkingu nemenda, bæði íslenskra og erlendra, á íslenskri fornleifafræði. Nemendur hvaðanæva úr heiminum hafa tekið þátt í námskeiðum skólans þar sem þeim eru kennd undirstöðuatriði íslenskrar fornleifafræði.

Skólinn er haldinn fjórar vikur á hverju sumri og fá nemendur þjálfun í uppgrefti og fornleifa-skráningu en einnig er kennt með fyrirlesturum, málstofum og verklegum tímum í umsjá fornleifafræðinga og annarra vísindamanna. Uppgröfturinn er styrktur af Fornleifasjóði og er unnin í samvinnu við Byggðasafn Vestfjarða.

Vatnsfjörður er talinn vera einn merkasti fornleifastaður á Vestfjörðum. Þar var samfelld byggð frá landnámi og á miðöldum var þar mikil valdandiðstöð og höfðingjasetur sem á sér merka sögu. Vitað er að húsakostur í Vatnsfirði var með því glæsilegasta sem þá tíðkaðist á landinu. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi Fornleifaskólans geta komið við laugardaginn 18. júlí, en þá verður opinn dagur hjá skólanum líkt og fyrri ár. Boðið verður upp á skoðunarferðir um svæðið með leiðsögn og um kvöldið verður fyrirlestur í Reykjanesi þar sem sagt verður frá þróun rannsóknanna og hvað athuganir sumarsins hafa leitt í ljós. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

– nonni@bb.is

FIMMTUDAGUR 9. JÚLÍ 2009



Stjórn Sögufélags Ísfirðinga ásamt bræðrunum Birni og Salvari Baldurssonum.

Vigurklerknum fagnað í Vigur

Það er ekki á hverjum degi sem ævisaga er gefin út 85 árum eftir andlát rithöfundarins. Í gær var fagnað útgáfu Vigurklerksins, ævisögu Sigurðar prests Stefáns-sonar, en hún er rituð af honum sjálfum. Í tilefni af útgáfu bókarinnar var boðið til hófs í eyjunni sem séra Sigurður er kenndur við, Vigur í Ísafjarðardjúpi. Það var gestum boðið upp á kaffi og meðlæti eins og núverandi ábúendum er lagið. Það var því einnig viðeigandi að núverandi Vigurbúum var afhent fyrsta eintak þessarar glæsilegu bókar, en Björn Baldursson úr Vigur tók við henni úr hendi Guðfinnu Hreiðarsdóttur, formanns Sögufélags Ísfirðinga.

Það er Sögufélag Ísfirðinga sem gefur bókina út og að sögn Guðfinnu eru nokkur ár frá því að hugmyndin að útgáfu hennar kom upp, en þá varð stjórn félagsins vör við að handrit séra Sigurðar væri til. „Bókin er merkileg fyrir þær sakir að höfundurinn lést fyrir 85 árum, en þá hafði hann nýlega lokið við skrif æviminninga sinna“, segir Guðfinna. „Bókin kemur hins vegar ekki út fyrr en nú og eru ýmsar ástæður fyrir því. Það var fullur vilji fyrir

því að gefa æviminningarnar út þegar hálföld var liðin frá andláti séra Sigurðar og tók Þorsteinn Thoraransen það að sér að búa bókina til prentunar. Það virtist að lokum fætt vera því að vanbúnaði að hefja prentun bókarinnar.“ Úr því varð þó ekki, að sögn Guðfinnu, en talið er að ýmis orð sem séra Sigurður lét falla um samtímamenn sína hafi þótt of hörð og því hafi útgefandi fallið frá prentun bókarinnar. Núverandi stjórn Sögufélagsins hafi hins vegar ákveðið að láta orð séra Sigurðar standa og því hætt á að gefa bókina út. Talið er nú að flest sem sagt er í bókinni sé fyrnt og engin hætta á að sára afkomendur samtímamanna Vigurklerksins.

Guðfinna segir bókina vera merkilega fyrir margar sakir. „Hún er merkileg hvað varðar sögu svæðisins. Það er til dæmis farið yfir héraðssöguna hér, hvernig hann eignaðist Vigur og sagt frá fólkinu á svæðinu. Sú saga er mjög áhugaverð þó hún mætti vera meiri. Hún er samt fyrst og fremst stjórnmálasaga en hún er mjög áhugaverð að lesa. Þarna eru sennilega merkustu tímamót í stjórnmálasögu Íslands, sjálf-



Vigurbræðurnir Björn Baldursson og Salvar Baldursson virða fyrir sér fyrsta eintak bókarinnar sem íbúar eyjunnar fengu að gjöf.

stæðisbaráttan mikil og merkir samtímamenn hans sem nefndir eru í bókinni. Þetta er því ekki bara vestfirsk bók. Hún er auðvitað merkileg líka fyrir þær sakir að sögur samtímamanna hans eins og Hannesar Hafstein eru skrifaðar af öðrum, þessi bók er skrifuð af honum sjálfum sem

gefur manni svolítið skemmtilega innsýn“, segir Guðfinna.

Bókin á mikið erindi til allra Íslendinga, sérstaklega á þessum síðustu og erfiðustu tímum, en það er greinilega hægt að finna samlíkingar með ástandinu í þjóðfélaginu í dag, að sögn Guðfinnu. „Það er mjög sterk skirskotun

frá þessum tímum til okkar tíma. Maður þekkir ótrúlega marga sem er að gerast á þessum tímum, bankarnir að fara á hausinn og erfiðlega gengur að útvega fjármagn í kreppunni sem hann gekk í gegnum. Það er því kannski þess vegna sem þetta mun höfða svona mikið til fólks í dag og gerir hana mjög áhugaverða. Maður þekkir meira að segja sömu karakterana og eru í þessari hringiðu í dag, maður þekkir þessar deilur og þetta pólitíska argaþras. Þetta er sama leikritið og í dag, bara aðrir leikarar“, segir Guðfinna.

Eitthvað hefur varðveist af bréfum séra Sigurðar en átti hann í miklum bréfaskriftum við merka samtímamenn sína eins og Hannes Hafstein svo dæmi sé tekið. Það er því mikið að efni um Vigurklerkinn sem enn hefur ekki komið út en þetta gæti reynst góð heimild fyrir aðra bók. „Það er ekki verið að fara að ráðast í það einmitt núna en það er kannski ástæða til þess að skrifa aðra ítarlegri ævisögu um séra Sigurð“, segir Guðfinna. „Það er til nóg af efni til að gera honum góð skil.“

– nonni@bb.is

smáar

Vantar þvottavél og ísskáp. Uppl. í síma 893 1965.

Ungt og reglusamt par með ungabarn óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu á eyrinni. Uppl. í síma 846 7808.

Pentax filmu myndavél týndist í Skálavík fyrir stuttu. Finnandi er beðinn að hringa í síma 847 8531.

Óska eftir ódýrum ísskáp, helst um 120 sm eða hærri. Uppl. í síma 820 8284.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Stórholti 13. Aðeins reglusamt og reyklaust fólk kemur til greina. Laus 1. ágúst. Fyrirspurnir sendist á dagny@girding.is.

Óskum eftir íbúð eða húsi til leigu á Ísafirði með a.m.k. fjór- um herbergjum í a.m.k. eitt ár. Uppl. í síma 891 7654 (Sigrún).



Ökumaður bifreiðar slapp vel þegar hann sofnaði undir stýri á Óshlíðinni aðfaranótt sunnudags. Fór bifreiðin út af veginum og til allrar lukku lenti hann á ljósastaur, en annars hefði ekkert staðið í vegi fyrir þverhniptri hlíðinni og stórgrýttri fjörunni. Eins og sjá má á myndinni hefði lítið þurft til að billinn endaði í fjörunni en ljóst er að þá hefði illa farið. Ökumaðurinn slapp með minniháttar meiðsl.



Amadea heimsótti Ísafjörð í annað sinn

Skemmtiferðaskipið Amadea heimsótti Ísafjörð um helgina en þetta var í annað sinn sem skipið leggst að ísfirskri bryggju. Veðrið lék svo sannarlega við hina rétt rúmlega sex hundruð farþega sem spókuðu sig um í bænum, en stærstur hluti þeirra voru Þjóðverjar. Ferðaskrifstofan Vesturferðir sá til þess að engum leiddist en þeim var boðið upp á hinar ýmsu skoðunarferðir, svo sem bátsferðir á Hesteyri og í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Þetta var tíunda koma skemmtiferðaskips til Ísafjarðar í sumar en alls verða þær 26 talsins. Von er á næsta skemmtiferðaskipi á miðvikudag en þá sækir MV Vistamar Ísafjörð heim.

Laxinn mættur í Ísafjarðardjúp

Mikil aðsókn er í laxveiði í Ísafjarðardjúpi en fyrstu laxarnir eru komnir á land í Laugardals-, Langadals- og Hvannadalsá.

„Sumarið hefur farið vel af stað, það hafa komið 16 laxar á land frá því tímabilið byrjaði“, segir Sigurjón Samúelsson, veiðivörð-

ur í Laugardalsá. „Fyrsti laxinn veiddist 15. júní og síðan þá hafa þeir verið að veiðast reglulega. Þetta eru allt upp í 12 punda



Framtíð Íslands

Stakkur skrifar

Sumarið er komið og veðrið leikur við ferðaglaða Íslendinga, útlendinga og þá sem þess njóta heima við. Á fögnum sumardegum leitar hugurinn annað en í áhyggjur, sem þó angra marga. Fréttir íslenskra fjölmiðla snúast um Icesave samningana, um það hvernig skuli greiða uppgufað sparifé útlendinga í Bretlandi, Hollandi og víðar. Það er afar sárt og þungbært fyrir Íslendinga að verða fórnarlömb áhættusækinna bankastjóra Landsbankans, sem margir höfðu trú á hérlandis þrátt fyrir einkavæðingu bankans.

Umræður eiga eftir að hitna enn frekar um niðurstöður þessa máls, hvort sem samningurinn, sem undirritaður hefur verið af hálfu ríkisstjórnar Íslands, hlýtur samþykki Alþingis eður ei. Ekkert er eðlilegra en að umræður séu miklar og kjósendur vilji fá upplýsingar um það hvað býr að baki. Það er einfaldlega verið að veðsetja framtíð barna og barnabarna núverandi kynslóða Íslands. Enginn veit í raun hvað framtíðin ber í skauti sér. Óvissan er mikil og hún nagar marga, sem eiga í nú þegar í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Þeir sem eru í óvissu um það hvort þeir haldi húsnæði sínu og fjölskyldu sinnar eiga erfða daga og nætur um þessar mundir.

Til viðbótar 10% atvinnuleysi sem hefur ekki þekkt í 40 ár eða meira, bætist að skorið verður niður í ríkisrekstri og sama

er upp á teningnum hjá sveitarfélögunum. Við þessar aðstæður er ljóst að margir hafa misst tekjur sínar að öllu og fá atvinnuleysisbætur. Þær eru í mörgum tilvikum miklu lægri en laun þeirra voru. Aðrir hafa misst tekjur sínar að stórum hluta, búa við missi yfirvinnutekna og jafnvel skert starfshlutfall. Margt ber því að sama brunni. Tekjur fólks hafa skerst verulega. Að auki er boðuð mikil hækkan skatta, sem einnig hefur áhrif til missis ráðstöfunartekna.

Jafnvel í sólskini utan dyra gleyma menn ekki þessum skugga-hliðum lífs á Íslandi þótt ekki megi gleyma því að enn eru mörg tækifæri til þess að lifa sómasamlegu lífi, en þau eru þó ekki allra. Þá vaknar spurning um það með hvaða hætti verða þeir sem lögðu upp með það „ævintýri“, sem snerist upp í martröð, Icesave, kallaðar til ábyrgðar. Er skylda þeirra sem áttu að hafa eftirlit engin? Hver er framtíð þess meginþorra Íslendinga sem munu ganga undir Icesave okinu næstu ár eða áratugi? Nú þurfa stjórnvaldamenn að upplýsa almúgann um sýn sína til framtíðar Íslands og íbúa þess. Hver er hún? Hvar eru sólskinsblettir í þeirri sýn og stefnumótun. Þessi þjóð hefur lifað ótrúlegustu hluti af völdum náttúruhamfara og margt af mannavöldum. Nú er spurt um það hverju mennirnir með völdin valda til framtíðar? Hvar er að finna sólskin þjóðlífs framtíðarinnar?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

laxar og svo hefur líka veiðst mikið af silungi, menn eru því ekki að fara héðan í mjög mikilli fýlu.“ Hann segir að mikil aðsókn sé í veiðipláss en þegar sé að verða fullbókað hjá honum sumarið.

Laxar hafa líka veiðst í Langa-dals- og Hvannadalsá að sögn Kristjáns Steindórssonar, veiðivarðar. „Það hafa komið fimm í Hvannadalsá og þrír í Langadalsá. Það er búið að vera fínt vatn og gott veður þannig að menn eru ánægðir, en veiðin sjálf er auðvitað alltaf seinna í gang hjá okkur heldur en í Laugardalsá“, segir Kristján. Hann segir að mikil aðsókn sé í ána hjá fiskveiðimönnum og nánast sé fullbókað hjá honum í sumar, þó sé enn eitthvað laust í Langadalsá. „Það er auðvitað mikið sótt í þetta enda er aðstaðan orðin svo flott hérna. Þarna er til dæmis heitur pottur og sánaklefi, það má eiginlega bara kalla þetta Hótel Langadal“, segir Kristján.

– nonni@bb.is

Fanga þorsk í gildrur

Útibú Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði vinnur nú að verkefni sem nefnist; Aðlöðun og gildrun þorsks. Verkefnið hlaut styrk til þriggja ára frá AVS rannsóknasjóði og er samvinnuverkefni útibúsins, Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., LÍÚ og Háskólans á Akureyri. Markmið verkefnisins er að leita hagkvæmra leiða til að fanga þorsk í gildrur. Sú leit verður byggð á beinum athugunum á því hvernig þorskur laðast að og veiðist í gildrur, og tilraunum með lyktargjafa til aðlöðunar. Í megindráttum eru notaðar tvær aðferðir við gildruveiðar. Annars vegar eru notaðar s.k. leiðigildrur og hinsvegar beittar gildrur.

Í eðli sínu eru aðferðirnar áþekkar, munurinn felst í því

hvernig fiskurinn er lokkaður að gildrunni. Frá inngangi leiði-gildra liggur langur leiðari sem er lóðrétt netgirding sem stöðvar göngu fisks leið á um svæðið og leiðir hann að opi gildrunar. Þessi aðferð getur verið árangursrík ef gönguleiðir fisks eru þekktar. Beittu gildrunar byggja á aðlöðun fisks með lykt frá beitu, í flestum tilfellum fiskmeti. Rannsóknir hafa sýnt að líftími beitu í sjó er afar stuttur og þarf því stöðugt að endurnýja beituna sem rýrir mjög hagkvæmni og veiðni aðferðarinnar. Því er ljóst að með því að tryggja langvarandi útstreymi lyktarefna með sjálfvirkum hætti má bæta veiðni og hagkvæmni aðferðarinnar verulega. Fyrstu skref verkefnisins voru

stigin sumarið og haustið 2008 þegar framkvæmdar voru myndatökur neðansjávar af s.k. leiði-gildrum sem prófaðar hafa verið hérlandis með misgóðum árangri. Einnig fóru fram prófanir á áhrifum nokkurra gerða lyktarefna á þorsk í tilraunakví í Álftafirði við Ísafjarðardjúpi. Tilrauna-aðstaða og uppsetning búnaðar var samnýtt með öðru verkefni stofnunarinnar; Atferlisstjórnun á þorski með hljóðduflum.

Skemmst er fá því að segja að niðurstöður þeirra prófana leiddu til þess að verið er nú á þessu ári að stíga næstu skrefi verkefninu. Þau felast í hönnun, smíði og prófunum á búnaði sem gerir mönnum kleyft að stýra skömmtun á lyktarefnum við botn og

jafnframt að fylgjast með í myndavélum hvort og hvernig fiskur bregst við. Skömmtunar- og myndavélabúnaður við botn er tengdur við bauju á yfirborði sem hýsir tölvubúnað til stýringar á skömmtun, upptöku og stjórnun myndavéla ásamt þráðlausum samskiptum í land. Einnig er í baujunni búnaður til framleiðslu á rafmagni, bæði sólarcellur og efnarafall. Smíði og samsetning þessa búnaðar er nú á lokastigi og verður prófaður nú á haustmánuðum í Ísafjarðardjúpi. Verði niðurstöður prófana jákvæðar mun verða smíðuð gildra utan um búnaðinn og reynt að fanga þann fisk sem rennur á lyktina.

– *thelma@bb.is*

Sprenging í aðsókn að Hesteyri

Áhugi gesta skemmtiferðaskipa á ferðum til Hesteyrar hefur aukist gríðarlega í ár og bóka öll skip sem sækja Ísafjörð heim, ferðir með farþega sína á þennan fallega stað. „Við stöndum hreint agndofa yfir þessari aukningu“, segir Guðrún Kristjánsdóttir hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar. „Í fyrra var eitt skipafélag sem keypti ferðir á Hesteyri og var greinilega mikil ánægja meðal farþeganna. Eitthvað hefur þetta spurst út því nú bóka öll skip ferðir þangað. Fólk vill gjarnan kíkja á friðlandið og því finnst spennandi að þarna hafi verið byggð, það er eins og að koma langt aftur í tímann. Ég hef heyrt í fólki að þetta sé hápunktur Íslandsferðarinnar sem er auðvitað mjög gaman að heyra.“

Guðrún segir að Vigur sé ennþá jafn vinsæll áfangastaður og fyrri ár og ferðamenn séu ekki síður ánægðir með eyjuna. Hún segir að þau hafi einnig verið



Mikil aðsókn er til Hesteyrar með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar. Hér eru tveir af bátum fyrirtækisins við bryggju í Vigur í Ísafjarðardjúpi.

mjög heppin með veður, en sjó skemmtiferðaskip heimsóttu Ísafjörð í júní.

Það er því ánægja með upphaf sumarsins hjá Sjóferðum en nú tekur við erilsamasti mánuður fyrirtækisins, enda margir á ferð-

inni í júlí. „Þetta hefur farið mjög vel af stað. Það hefur verið eins mikið að gera í júní í ár eins og í júlí í fyrra. Við höfum nú hafið siglingar í Aðalvík og Hornvík, það hafa aðallega verið innlendir ferðamenn sem eru á leiðinni í

hús en við eigum von á því að það aukist í júlí. Svo halda auðvitað skemmtiferðaskipin áfram að koma en við eigum von á tólf skipum í mánuðinum, það verður því nóg að gera“, segir Guðrún.

– *nonni@bb.is*

„Þessu verður ekki tekið þegjandi“

„Ég held að sparisjóðahugmyndin sé stórhættuleg,“ segir Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi, um 7. grein frumvarps um lög um fjármálafyrirtæki en þar segir að ríkið verði eini eigandinn í sparisjóðum. „Grunnurinn að sparisjóðahugmyndinni eru stofnfjáreigendurnir. Þeir hafa bæði verið bakhjarl fyrir sparisjóðina og skapað ákveðna trygð milli sparisjóðanna og samfélagsins sem þeir eru sprottnir úr. Sá misskilningur er víða uppi

um að stofnfé sé hið sama og hlutafé, svo er ekki. Grunnhugsun á bakvið sparisjóðina var sú að hlutdeild stofnfjáreigenda væri bara í stofnfénu sjálfu en ekki í eiginfé sparisjóðanna. Þess vegna er þessi grundvallar munur á sparisjóðum og hlutafélögum,“ segir Einar Kristinn.

Ef taka á upp þá reglu að færa niður stofnfé til að mæta því að sparisjóðirnir eru að verða fyrir miklu efnahagslegu áfalli sem rýrir eða þurrkar út þeirra eigið fé, þá sé í raun og veru verið að

gjörbreyta sparisjóðahugsuninni, að mati Einar K, og segir hann þetta vera stærstu atlguna að því að þurrka út sparisjóðaumhverfið í landinu. „Þessu verður ekki tekið þegjandi. Ég veit að það er mikill vilji víða, bæði meðal stjórnarliða og stjórnarandstöðu, að verja sparisjóðakerfið og að mínu mati er þetta einn af grundvöllum þess,“ segir Einar K.

Málið er í vinnslu viðskiptanefnd þingsins og þar er mörgum spurningum ósvarað að sögn

Einars K. „En það er tími til stefnu. Við munum beita rökum en á endanum er stjórnarmeirihlutinn sem ræður þessu og það er alveg ljóst mál að sparisjóðirnir hafa verið bakhjarlar út um allt land. Þeir hafa komið til skjalanna þegar bankarnir hafa ekki viljað lána til alþýðunnar. Það yrði að mínu mati mjög slæmt og alvarlegt högg greitt landsbyggðinni ef við getum ekki varið sparisjóðakerfið,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður.

– *birgir@bb.is*

Fékk kríur í fangið og ók út af

Ökumaður bifhjóls missti stjórn á hjólinu þegar hann fékk kríur í fangið við Bolungarvík um hálfáttaleytið á föstudagskvöld. Hjólið lenti út af veginum og ökumaðurinn og farþegi féllu af hjólinu.

Ökumaðurinn axlarbrotnaði og viðbeinsbrotnaði en farþeginn hlaut minni meiðsl. Báðir eru enn eftirliti á sjúkrahúsinu á Ísafirði þangað sem þeir voru fluttir. Mikið kríuvarp er á svæðinu þar sem slysið varð.



Gistinóttum fækkar

Gistinóttum á hótélum fækkaði mikið í maí samanborið við sama mánuð í fyrra á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða. Alls var skráð 7.901 gistinótt á svæðinu í maí miðað við 10.372 gistinætur í maí í fyrra, nemur því fækkunin 23,8%. Það sem vekur athygli er að mikil fækkun er á Íslendingum sem nýta sér hótél á svæðinu, en skráðar voru 3.142 gistinætur Íslendinga í maí miðað við 4.573 í sama mánuði í fyrra. Nemur fækkunin því 31,3%.

Á vef Hagstofunnar kemur einnig fram að gistinóttum útlendinga fækkar líka eftir metmánuð í apríl. Skráðar voru 5.799 gistinætur í maí í fyrra en aðeins 4.759 gistinætur í maí í ár. Athygli skal vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótélum, þ.e. hótélum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.



Rúmlega tíræð móðir úti að labba með sextugan soninn.

Rúmleg tíræð móðir með sextugan son í „kerru“

Undarleg sjón blasti við bæjarbúum í miðbæ Ísafjarðar á fimmtudag í síðustu viku þegar 105 ára móðir ýtti sextugum syni sínum um í „kerru“. Um var að ræða elsta Íslendinginn, Torfhildi Torfadóttur og Torfa Einarsson son hennar er þau brugðu á leik fyrir ljósmyndara blaðsins þar

sem þau voru á göngu. „Mömmu fannst þetta uppátæki svo sniðugt að hún skelli hló og ýtti mér þarna um í hjólastólnum hennar“, segir Torfi.

Torfhildur hefur verið þekkt fyrir mikið hreysti þrátt fyrir háan aldur sem eflaust má þakka að einhverju leiti tíðum gönguferð-

um hennar. Til að mynda varhún reglulegur þátttakandi í Kvenna-hlaupi Sjóvá þar til í ár. „Hún fer enn í göngutúra en hún er farin að sjá svo illa. Þess vegna er svo gott fyrir hana að hafa hjólastólinn því hún getur stutt sig við hann á göngunni og sest svo í hann á milli til þess að hvíla sig.“



Slagveður

Ríkisstarfsmenn í Srinagar á Indlandi kröfðust hærri launa og betri aðbúnaðar við störf og fóru þess vegna í kröfugöngu. Enda þótt þeir væru ekki einu sinni vopnaðir búsáhöldum að íslenskum hætti brást lögreglan við með kröftugum vatnsdælum þannig að harðvítugasta suð austanrigning á höfuðborgarsvæðinu er ekkert á móti slíkum ósköpum. Og það sem meira er: Vatnið er með fjólubláu litarefni til að merkja rækilega þá sem fyrir því verða.

utan úr heími



Svaladrykkur

Hitinn í Pakistan getur farið yfir fimmtíu stig þegar best (eða verst) lætur. Þá er gott fyrir menn og málleysingja að fá sér svaladrykk, hvort sem það er innflutt flöskuvatn undan Snæfellsjökli eða einfaldlega kranablávatn eins og þessi fugl í Hyderabad lætur sér nægja.



Þegar gleðibrosið frýs

Nautaafur hefur löngum verið kallað þjóðariþrótt á Spáni og þykir mörgum hin mesta skemmtun. Þó kemur fyrir að gleðibrosið á ásjónum áhorfenda frýs, eins og gerðist í þessu tilviki á fremsta bekknum þar sem pólitíkusar og aðrir merkiskarlar sátu. Maðurinn vinstra megin sem ber fyrir sig hendurnar í dauðans angist er fyrrverandi borgarstjóri í Madrid, José María Alvarez del Manzano. Líklega gerist hann ekki sjálfur nautabani úr þessu enda kominn yfir sjötugt. Maðurinn hægra megin er líka skelfingin uppmáluð. Fólkið í næsta bekk fyrir ofan virðist hins vegar næsta óhrætt og glottir við tönn ef eitthvað er. Ekki fylgir sögunni hverjar tilfinningar bolans voru enda er víst lítið spád í það yfirleitt.

Góð helgarsteik

Sælkeri vikunnar býður upp á uppskrift að góðri helgarsteik og meðlæti. Hún segir að það megi líka alveg skella kjötinu á grillið, í stað þess að steikja það á pönnu.

Forréttur
Niðurskorið grænmeti með kaldri idýfu.
Ídýfa
1 dós sýrður rjómi
½ bréf taco seasoning
1 ts. sykur
Öllu hrært saman og geymt í a.m.k. 2-3 klukkutíma í kæli.

Gulrætur
Paprikur
Agúrka
Gulrófa

Grænmetið er þvegið og skorið niður í frekar þunna strimla. Ídýfan sett í fallega skál og sett á miðjan disk. Grænmetinu er raðað fallega á diskinn í kringum í idýfunu.

Aðalréttur fyrir 6

Piparsteik með bökuðum kartöflubátum, fersku salti og bernaissósu
6 sneiðar nautalund (hver ca. 2 cm. að þykkt)
Season All frá McCormick
Seasoned Pepper Blend frá McCormick
Olía til steikingar.

Kartöflur eru skornar niður í báta og settar í eldfast mót og kryddaðar með hvítlauksdufti, aromati, sitrónupipar. Smá olíu hellt yfir og bakað í ofni þar til gegnsteikt og aðeins farið að brúnast.

Sósa:
Bernessósa í pakka að eigin vali. Magn eftir þörfum. Fylgið

Sælkerinn

Kjötið er kryddað með kryddinu. Olían sett á pönnuna sem er hituð vel. Kjötið steikt í um það bil 2 mín. á hvorri hlið. (Þá verður það frekar rautt) annars eftir smekk.

Kartöflubátar

leiðbeiningum á bakhlið pakkans.
Salat
Ísberg, rauð paprika, tómatar og gúrka.
Fetaostur frá MS

Grænmetið þvegið og skorið niður sett í skál og blandað saman. Fetaostur borin með.

Sælkeri vikunnar er Elsa María Thompson á Gamlufalli.

Eftirréttur

Heit eplakaka með ís
Deig:
150 smjörlíki
150 sykur
250 hveiti

3 meðalstór epli
súkkulaði spænir
kanilsykur

Deiginu hnoðað saman. Eplin

skorin í bita. Hluta af deiginu er mulið í botn á meðalstöru eldföstu móti, eplabitar settir og súkkulaðispónum eftir smekk Því næst kemur restin af deiginu og kanilsykri stráð yfir. Bakað í ofni þar til gulliðbrúnt og borið fram með vanilluis frá MS.

Ég skora svo á Sonju systur (Thompson á Þingeyri) til að vera næsti sælkeri og koma svo með eitthvað svakalega gómsætt.

Saltfiskurinn rann ljúft niður innan um djassaða tóna

„Ég þori að fullyrða það, að þið eruð enn meiri saltfiskunnendur eftir þessar kræsingar.“ Þetta sagði Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðarsafns Vestfjarða, í hinni árlegu saltfiskveislu sem haldin var í Edinborgarhúsinu á laugardagskvöld. Veislan hefur verið haldin frá árinu 2002 og er ljóst að hátíðin hefur aldrei verið glæsilegri, en auk hinna gómsætu rétta og djassaðrar tónlistar Saltfisksveitar Villa Valla, sem spilaði undir líkt og síðustu ár, var veislan útgáfuhóf fyrir nýútkomna bók um saltfisk, veislurnar síðustu ár og tónlist tengda veislunni. Það voru sérfræðingar í salt-

fisklistinni sem sáu um að reiða fram þessa dýrindis rétti en Magnús Hauksson var þar í fyrirrúmi og klikkaði ekki frekar en fyrri daginn. Að borðhaldi loknu leið þó ekki á löngu áður en dillandi afturendar saltfiskgesta voru komnir á dansgólfið, enda annað varla hægt þegar tónlist saltfisksveitarinnar ómar með Villa Valla, Tómas R. og divunni Jóhönnu V. Þórhallsdóttir innanborðs. Bókin sem er komin út nefnist Veislurnar í Neðsta, en hún birtir drjúgan hluta þeirra veisluréttanna sem bornir eru á borð í veislunni en jafnframt er þar að finna margvíslegan fróðleik í máli og

fjölörgum myndum um sögu saltfiskvinnslunnar vestra og þær framfarir sem þar urðu. Einnig er að finna í bókinni ábendingar um þau drykkjarföng sem best hæfa þessu lostæti. Geisladiskurinn Ball í Tjörúhúsinu með tónlist Saltfisksveitar Villa Valla fylgir bókinni. Þar má finna veisluglauminn í dúnmjúkum enskum valsi, rumbu, cha cha cha, sömbu og jive. Söngkonan Jóhanna V. Þórhallsdóttir stendur í stafni og að baki henni Vilberg Vilbergsson, Páll Torfí Önundarson, Tómas R. Einarsson og Matthías MD Hemstock. Tónlist þeirra er kryddið sem ratar í alla réttina.

Byggðasafn Vestfjarða hefur frá árinu 2002 blásið til árlegrar saltfiskveislu á Ísafirði þar sem hráefnið er sólþurrkaður þorskur sem breiddur hefur verið út og þurrkaður á fiskreit safnsins. Leitað var til valinkunnra saltfiskunnenda sem rómaðir eru af afrekum í eldhúsum heimila sinna og þeir göldruðu fram fjölbreytilegar og gírnilegar uppskriftir á þessu magnaða hráefni sem telja má merkasta framlag Íslendinga til matargerðarlistarinnar. Meðfylgjandi myndir frá veislunni og ballinu tók Þorsteinn J. Tómasson.

– nonni@bb.is

FIMMTUDAGUR 9. JÚLÍ 2009

19

30%
AFSLÁTTUR
SKJÓLVEGGIR
GERÐUR OG
GYRÐIR

20%
AFSLÁTTUR
GARÐVERKFÆRI
HJÓLBÖRUR-SLÁTTUVÉLAR
STUNGUSKÓFLUR-GAFFLAR
KANTSKERAR-TRJÁKLIPPUR
GRASKLIPPUR-KEÐJUSAGIR
SLÖNGUJÓL OFL.

GARÐ ÚTSALA HEFST Í DAG

20-40%
AFSLÁTTUR
GARÐ-
LEIKFÖNG

25%
AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL

15-35%
AFSLÁTTUR
GARÐ-
HÚSGÖGN



HÚSASMÍÐJAN

Ekkert mál